

FYLGISKJÖL

1. Norðausturvegur tenging Vopnafjarðar við Hringveg. Landnotkun, yfirlit yfir skerðingu á túnum vegna Vegagerðar í Vopnafirði. Vegagerðin, október 2006.
2. Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Umferðarspá. Vegagerðin, október 2006.
3. Norðausturvegur - tenging Vopnafjarðar við Hringveg. Hljóðvist, Vegagerðin, nóvember 2006
4. Norðausturvegur - tenging Vopnafjarðar við Hringveg. Vottendi sem raskast vegna vegagerðar á mögulegum leiðum. Vegagerðin, október 2006. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun og endurheimt vottendis. Umhverfisstofnun, janúar 2006.
5. Verndarflokkar Vegagerðarinnar. Námur, efnistaka og frágangur, 2002, Vegagerðin o.fl., Reykjavík, bls. 62.
6. Námur við mögulegar veglínur í Vopnafirði. Rannsóknadeild-Þróunarsvið Vegagerðarinnar, desember 2006.
7. Tillaga að hugtökum um vægi áhrifa sem styðjast má við við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Skipulagsstofnun, desember 2005.

Norðausturvegur tenging Vopnafjarðar við Hringveg

Landnotkun, yfirlit yfir skerðingu á túnum vegna vegagerðar í Vopnafirði

	tún sem skerðast m	tún sem skerðast 40 m breidd m ²
Hofsárdalslína Einarstaðamegin		
st. 24350-24500 (Einarstaðir)	150	5.530
st. 24540- 24620 (Einarstaðir)	80	1.200
st. 24620-25020 (Einarstaðir)	400	6.270
st. 25230-25360 (Einarstaðir)	130	1.730
st. 25420-25540 (Einarstaðir)	120	7.220
st. 25550-25580 (Einarstaðir)	30	950
st. 29660-29740 (Þorbrandsstaðir)	80	1.050
st. 30420-30620 (Teigur)	200	9.600
Samtals	1.230	33.550
Hofsárdalslína Bustarfellsmegin		
st. 26930- 27190 (Bustarfell)	260	2.720
st. 27540-28170 (Bustarfell)	630	12.460
Samtals	890	12.870
Vesturárdalslína		
st. 31180-31480 (Hauksstaðir)	300	4.630
st. 31830-32430 (Hauksstaðir)	600	10.560
st. 33690-33730 (Búastaðir)	40	150
st. 35520-35740 (Búastaðir)	220	2.010
st. 37700-37980 (Ljósstaðir)	280	5.080
Samtals	1440	18.430
Hofshálslína		
st. 35980-36440	460	14.330
Samtals	460	14.330
Millidalaleið		
st. 360-430	70	2.470
Samtals	70	2.470

Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Umferðarspá

		Spásamantekt								Athugasemdir við háspá	
		Núverandi vegstæði með klæðingu									
Spá nr.	Vegnr.	ÁDU pr. Ár (líklegast)				ÁDU pr. Ár (háspá)					
		2010	2015	2020	2025	2010	2015	2020	2025		
Spá 1	85-40	123	141	158	176	134	162	191	219	Það gefur hæstu gildin ef allir kaflar fylgja landsmeðaltali = 3,75% pr.ár	
	85-41-(44)	79	95	110	125	84	102	120	138		
Spá 2	85-40	123	140	158	175	134	162	191	219		
	85-41-(44)	77	88	99	110	90	102	120	138		
Vesturárdalsleið											
Spá 1	85-40	133	150	167	184	145	176	207	238		
	85-41-(44)	86	102	117	133	92	111	131	150		
Spá 2	85-40	138	162	186	210	194	235	277	319		
	85-41-(44)	87	102	118	133	92	111	131	150		
Hofsháls- og Hofsórdalsleið											
Spá 1	85-40	139	158	176	195	153	185	218	251		
	85-41-(44)	86	102	117	133	92	111	131	150		
Spá 2	85-40	145	171	196	222	153	185	218	251		
	85-41-(44)	87	102	118	133	92	111	131	150		

Skýringar:

Spá 1. Teljarar 85-40 og 85-44 settir til viðmiðunar inn á sína kafla

Spá 2. Hlutfall milli vegkafla fasti, brattasta líking valin.

Ávalt gerðar 3 spár fyrir Spá 1 og 2. Þ.e. "lágspá", "meðalspá" og "háspá" og "líklegst" reiknað út frá því.

Orsökun umferð reiknuð sem 20% álag á nýjar veglínur en 10% á óbreytta veglínun. Þetta er sú umferð sem orsakast af vegbótum.

Skoðu voru öll gögn frá umferðarteljurum í nágrenni svæðis frá 1995 en stuðst var við gögn frá 1997 til 2005.

Skoðuð var innansveitarumferð á vegkafla 85-40 og var niðurstaðan sú að ekki hefur orðið neinn vöxtur í henni yfir tímabilið.

Norðausturvegur- tenging Vopnafjarðar við Hringveg

Hljóðvist

Umferðarhávaði var reiknaður vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Í samræmi við reglugerð um hávaða nr. 933 frá 20. desember 1999 var hljóðstig reiknað með samnorrænu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða. Reiknað var jafngildishljóðstig fyrir sólarhring í dB(A). Uppfylla þarf kröfur í töflu í kafla 5 í fyrrnefndri reglugerð. Næri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru nokkur íbúðarhús og nokkur sumarhús. Við íbúðarhús þarf að uppfylla skilyrði um 55 dB(A) og í skilgreindri sumarhúsabyggð 45 dB(A).

Við öflun á forsendum fyrir útreikninga á umferðarhávaða var gerð umferðarspá. Samkvæmt líklegustu spá verður umferðin eins og sjá má í eftirfarandi töflu. Vegnúmerin eiga við núverandi veg og er sá hluti sem hefur vegnúmer 85-40 á milli Hlíðarveggar og Sunnudalsveggar.

Tafla 1. Umferðarspá (Vegagerðin).

Umferðarspá	Árið 2010	Árið 2015	Árið 2020	Árið 2025
ÁDU	[bílar/sólarhr.]	[bílar/sólarhr.]	[bílar/sólarhr.]	[bílar/sólarhr.]
Vesturárdalsleið um Búastaði				
Vegnr. 85-40	133	150	167	184
Vegnr. 85-41-(44)	86	102	117	133
Vesturárdalsleið um Hofsháls og Hofsárdsalsleið				
Vegnr. 85-40	139	158	176	195
Vegnr. 85-41-(44)	86	102	117	133

Aðrar forsendur við útreikninga á hljóðstigi voru eftirfarandi:

- Þungabílaprósentu = 10%.
- Umferðarhraði = 90 km/klst.
- Yfirborð á milli hljóðgjafa og móttaka „mjúkt“.

Segja má að breytilegu forsendurnar í útreikningunum séu langhalli vegarins og hugsanlegar „náttúrulegar hljóðmanir“ í umhverfinu á milli hljóðgjafa og móttaka. Langhalli fyrirhugaðs vegar er þekktur og til að tryggja að útreiknað hljóðstig sé ekki vanreiknað voru „náttúrulegar hljóðmanir“ ekki teknar með í útreikningana nema þær hefðu veruleg áhrif til lækkunar á útreiknuðu hljóðstigi.

Til að einfalda framsetningu var umferðarhávaði reiknaður fyrir hvert hús og settur í töflu 2-5 hér að aftan þar sem einnig kemur fram fjarlægð hússins frá miðlínu fyrirhugaðs vegar. Reiknað var fyrir árin 2010 og 2025. Miðað var við að reikna við þau hús sem standa nær vegi en um 300 metra. Hljóðstigið er það lágt að í um 300 metra fjarlægð er hljóðstig utanhúss nálægt því að uppfylla kröfur reglugerðar um hljóðstig innanhúss. Töflum 2-5 er skipt upp eftir mögulegum leiðum.

Fylgiskjal 3

Tafla 2. Fjarlægð frá veglínunum að íbúðarhúsum og útreiknaður umferðarhávaði á Vesturárdalsleið um Búastaði

Vesturárdalsleið um Búastaði	Fjarlægð að íbúðarhúsum [m]	Útreiknað jafngildishljóðstig Árin 2010-2025 [dB(A)]	Athugasemdir
Hauksstaðir	220	33-35	
Fremrihlíð	250	30-32	
Ytrihið	620-720	#	Óþarft að reikna
Búastaðir	140	35-37	
Veiðihús Vesturd.	270	29-31	
Vakurstaðir	1100	#	Óþarft að reikna
Hvammslækur	980	#	Óþarft að reikna
Ljótstaðir	850	#	Óþarft að reikna
Torfastaðir	950	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Norður-Skálanes	80	41-43	
Reykhús Norður-Skálanes	21	#	Hljóðstig ekki áhugavert

Á Vesturárdalsleið um Búastaði er ekkert hús sem þarf að skoða sérstaklega vegna möguleika á að uppfylla ekki ákvæði reglugerðar.

Tafla 3. Fjarlægð frá veglínunum að íbúðarhúsum og útreiknaður umferðarhávaði á Vesturárdalsleið um Hofsháls

Vesturárdalsleið um Hofsháls	Fjarlægð að íbúðarhúsum [m]	Útreiknað jafngildishljóðstig Árin 2010-2025 [dB(A)]	Athugasemdir
Hauksstaðir	560	#	Óþarft að reikna
Hof	570	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Þorsteinsstaðir	105	41-43	
Deildarfell	300*	30-32	Lega vegar óbreytt
Fell	340*	29-31	Lega vegar óbreytt
Ásbrandsstaðir	150*	36-38	Lega vegar óbreytt
Vatnsdalsgerði	330*	32-34	Lega vegar óbreytt. Gert ráð fyrir 100 bílum frá Hlíðarvegi til viðbótar
Miðhús	20*	53-55	Lega vegar óbreytt. Gert ráð fyrir 100 bílum frá Hlíðarvegi til viðbótar

*Fjarlægð að núverandi vegi

Á Vesturárdalsleið um Hofsháls má segja að umferðarhávaði á Miðhúsum árið 2025 gæti orðið nærri 55 dB(A). Bent skal á að lega vegarins er óbreytt á þessum stað og því líklegt að hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar séu hverfandi.

Fylgiskjal 3

Tafla 4. Fjarlægð frá veglínunum að íbúðarhúsum og útreiknaður umferðarhávaði á Hofsárdalsleið Einarstaðamegin

Hofsárdalsleið Einarstaðamegin	Fjarlægð að íbúðarhúsum [m]	Útreiknað jafngildishljóðstig Árin 2010-2025 [dB(A)]	Athugasemdir
Foss	630	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Fremri Snið	470	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Bustarfelli	610	#	Óþarft að reikna
Einarstaðir	120	37-39	
Bustarfell	1040	#	Óþarft að reikna
Þorbrandsstaðir	490	#	Óþarft að reikna
Sumarhús við Teigsá	580	#	Óþarft að reikna
veiðihús Hofsá	110	37-39	
Starfsmannahús	70	42-44	
Teigur	210	33-35	
Hof	230*	33-35	Lega vegar óbreytt

*Fjarlægð að núverandi vegi

Tafla 5. Fjarlægð frá veglínunum að íbúðarhúsum og útreiknaður umferðarhávaði á Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin.

Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin	Fjarlægð að íbúðarhúsum [m]	Útreiknað jafngildishljóðstig Árin 2010-2025 [dB(A)]	Athugasemdir
Foss	630	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Fremri Snið	470	#	Óþarft að reikna
Sumarhús Bustarfelli	270	29-31	
Einarstaðir	900	#	Óþarft að reikna
Bustarfell	190	32-34	
Þorbrandsstaðir	670	#	Óþarft að reikna
Sumarhús við Teigsá	210	31-33	
Veiðihús Hofsá	55	44-46	
Starfsmannahús	140	35-37	
Teigur	210	33-35	
Hof	230*	33-35	Lega vegar óbreytt

*Fjarlægð að núverandi vegi

Á Hofsárdalsleið er ekkert hús sem þarf að skoða sérstaklega vegna möguleika á að uppfylla ekki ákvæði reglugerðar. Útreikningar fyrir Vesturárdalsleið um Hofsháls hér að framan gilda einnig á Hofsárdalsleið fyrir þau hús sem eru norðan við Hof.

Norðausturvegur- tenging Vopnafjarðar við Hringveg

Votlendi sem raskast vegna vegagerðar á mögulegum leiðum

Votlendi á Vesturárdalsleið innan við Hauksstaði, Leið 1a

Útreikningar eru miðaðir við gróðurkort Náttúrustofu Austurlands

Stöðvarnúmer	Lengd vegar m	margfeldis- stuðull m	Gerð votlendis	Halli á votlendi %	Votlendi sem raskast m ²
8970-9010	40	75	U	18%	3.000
10500-10700	200	150	U/UC	5,5%	30.000
10860-10960	100	150	U	13%	15.000
12600-12800	200	75	U/V	4%	15.000
12880-12910	30	150	U	11%	4.500
13600-13660	60	150	V	6,5%	9.000
14160-14240	80	75	V	2%	6.000
17160-17200	40	75	U	4%	3.000
17320-17400	80	75	U	2%	6.000
17520-17660	140	75	U	2%	10.500
18510-18550	40	75	U	4%	3.000
19280-19330	50	150	V	8%	7.500
20280-20320	40	150	U	10%	6.000
20360-20380	20	150	U	17%	3.000
20840-20900	60	150	U	7%	9.000*
2110-21100	90	150	U	8%	13.500*
22010-22070	60	150	U/V	8%	9.000*
22130-22310	180	150	U/V	8%	27.000*
22380-22490	110	150	U	8%	16.500
22540-22610	70	150	U	10%	10.500
23060-23080	20	150	U	12%	3.000
23160-23220	60	150	U	17%	9.000
23240-23370	130	150	U	14%	19.500
23440-23460	20	150	U	19%	3.000
24110-24420	310	75	U	15%	23.250
24600-24620	20	150	U	12%	3.000
25640-25680	40	75	U	12%	3.000
26100-26630	530	150	U	12%	79.500
26800-26940	140	150	U	11%	21.000
Samtals	2.960				371.250

*Votlendi utan rannsóknarsvæðis, skráð af loftmynd af líffræðingi hjá Vegagerðinni

Fylgiskjal 4

Votlendi á Vesturárdalsleið um Búastaði, Leið 1 b

Útreikningar eru miðaðir við gróðurkort Náttúrustofu Austurlands

<i>Stöðvarnúmer</i>	<i>Lengd vegar m</i>	<i>margfeldis- stuðull m</i>	<i>Gerð votlendis</i>	<i>Halli á votlendi %</i>	<i>Votlendi sem raskast m²</i>
27720-27900	180	75	U	10%	13.500
28270-28370	100	75	U	12%	7.500
28380-28460	80	75	U	12%	6.000
28520-28660	140	75	U	14%	10.500
28910-29110	100	75	U	8%	7.500
29280-29600	320	75	U	11%	24.000
30270-30390	120	150	U	11%	18.000
30610-30640	30	75	U	13%	2.250
30700-30800	100	75	U	14%	7.500
30880-30970	90	75	U	8%	6.750
31000-31020	20	75	U	8%	1.500
31040-31110	70	75	U	6%	5.250
31620-31800	180	75	U	10%	13.500
32630-32650	20	75	U	16%	1.500
32710-32780	70	75	U	8%	5.250
32870-33020	150	75	U	12%	11.250
33090-33120	30	75	U	5%	2.250
33200-33740	540	75	U	5%	40.500
33930-33950	20	75	U	2,5%	1.500
33970-33990	20	75	U	2,5%	1.500
34010-34030	20	75	U	2,5%	1.500
34060-34100	40	75	U	2,5%	3.000
36700-36840	140	75	U	6%	10.500
37030-37470	440	75	U	2,5%	33.000
38000-38080	80	75	U	4%	6.000
38500-38540	40	150	U	7%	6.000
38720-38740	20	150	U	6%	3.000
38989-39040	60	150	U	5%	9.000
39140-39160	20	150	U	6%	3.000
39200-39320	120	75	U	8%	9.000
39880-40210	330	75	U	4%	24.750
43120-43340	220	75	U	12%	16.500
43690-43760	70	75	U	10%	5.250
43800-44460	660	75	U	1%	49.500
45890-45970	80	75	U	6%	6.000
46960-47040	80	150	U	8%	12.000
47350-47470	120	150	U	6%	18.000
Samtals	4.920				403.500

Fylgiskjal 4

Votlendi á Vesturárdalsleið um Hofsháls, Leið 1 c

Útreikningar eru miðaðir við gróðurkort Náttúrustofu Austurlands

<i>Stöðvarnúmer</i>	<i>Lengd vegar m</i>	<i>margfeldis- stuðull m</i>	<i>Gerð votlendis</i>	<i>Halli á votlendi %</i>	<i>Votlendi sem raskast m²</i>
27480-27570	90	150	U	11%	13.500
27590-27670	80	150	U	17%	12.000
27720-27870	150	150	U	13%	22.500
28050-28160	110	150	U	11%	16.500
28290-28640	350	150	U	10%	52.500
28680-28800	120	150	U	14%	18.000
28860-28920	60	150	U	12%	9.000
29000-29200	200	150	U	17%	30.000
29220-29300	80	150	U	11%	12.000
29340-29610	270	150	U	12%	40.500
29660-30060	400	150	U	9%	60.000
30120-30200	80	150	U	6%	12.150
30260-31020	760	75	U	4%	57.000
31180-31850	670	150	U	7%	100.500
32090-32300	210	150	U	10%	31.500
32660-32700	40	75	U	1%	3.000
32770-32960	190	75	U	1%	14.250
33100-33410	310	75	U	4%	23.250
33500-33900	400	150	U	13%	60.000
33920-33960	40	150	U	20%	6.000
34020-34420	400	150	U	18%	60.000
34540-34650	110	150	U	25%	16.500
34720-35020	300	150	U	12%	45.000
35070-35220	150	150	U	9%	22.500
Samtals	5.570				738.150

Fylgiskjal 4

Votlendi á Hofsárdalsleið innan við Steinvarartungu, Leið 2a

Útreikningar eru miðaðir við gróðurkort Náttúrustofu Austurlands

<i>Stöðvarnúmer</i>	<i>Lengd vegar m</i>	<i>margfeldis- stuðull m</i>	<i>Gerð votlendis</i>	<i>Halli á votlendi %</i>	<i>Votlendi sem raskast m²</i>
8550-9040	490	150	U/V	4-16%	73.500
9060-9160	100	150	U	15%	15.000
10950-10970	20	75	U	7%	1.500
11450-11520	70	150	U	17%	10.500
11560-11650	90	150	U	10%	13.500
11680-11700	20	150	U	9%	3.000
11740-12040	300	150	U	7%	45.000
12170-12240	70	150	U	14%	10.500
12300-12380	80	150	U	18%	12.000
12950-13020	70	150	U	30%	10.500
14720-14740	20	150	U	28%	3.000
15300-15320	20	150	U	19%	3.000
15350-15370	20	150	U	19%	3.000
15540-15580	40	150	U	25%	6.000
16080-16100	20	75	U	14%	1.500
18590-18690	100	150	T/U	35%	15.000
20060-20120	60	150	U	33%	9.000
20720-20900	180	150	U	20%	11.400*
Samtals	1.770				246.900

* Heildarstærð votlendis

Fylgiskjal 4

Votlendi á Hofsárdalsleið Einarstaðamegin, Leið 2 b

Útreikningar eru miðaðir við gróðurkort Náttúrustofu Austurlands

<i>Stöðvarnúmer</i>	<i>Lengd vegar m</i>	<i>margfeldis-stuðull m</i>	<i>Gerð votlendis</i>	<i>Halli á votlendi %</i>	<i>Votlendi sem raskast m²</i>
22230-22280	50	150	U	15%	4.100*
22430-22520	90	75	U	10%	6.750
24310-24360	50	75	U	24%	1.600*
25080-25110	30	75	U	4%	1.800*
25200-25240	40	150	U	5%	6.000
26010-26030	20	75	U	23%	1.500
26200-26270	70	75	U	28%	5.250
26340-26400	60	150	T	11%	800*
27040-27220	180	75	U	11%	13.500
27280-27460	180	75	U	18%	13.500
27570-27740	170	75	U/T	10%	12.750
28000-28080	80	75	U	30%	6.000
28200-28420	220	75	U	31%	16.500
28520-28560	40	150	U	25%	2.100*
30640-30720	70	75	U	1%	7.300*
Samtals	1.350				99.450

* Heildarstærð votlendis

Votlendi á Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin, leið 2 c

Útreikningar eru miðaðir við gróðurkort Náttúrustofu Austurlands

<i>Stöðvarnúmer</i>	<i>Lengd vegar m</i>	<i>margfeldis-stuðull m</i>	<i>Gerð votlendis</i>	<i>Halli á votlendi %</i>	<i>Votlendi sem raskast m²</i>
	0				0
Samtals	0				0

Fylgiskjal 4

Votlendi á Millidalaleið

Útreikningar eru miðaðir við gróðurkort Náttúrustofu Austurlands

<i>Stöðvarnúmer</i>	<i>Lengd vegar m</i>	<i>margfeldis- stuðull m</i>	<i>Gerð votlendis</i>	<i>Halli á votlendi %</i>	<i>Votlendi sem raskast m²</i>
360-660	300	75	U	13%	22.500
800-880	80	75	U	12%	6.000
980-1060	80	75	U	12%	6.000
1230-1320	90	150	U	6%	13.500
1360-1440	80	150	U	8%	12.000
1480-1540	60	150	U	12%	9.000
2350-2420	70	75	U	3%	5.250
4380-4540	160	150	U	18%	24.000
4660-4920	260	75	U	11%	19.500
Samtals	1180				117.750

* Heildarstærð votlendis



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 12. janúar 2006
Tilvísun: UST20051000025/mik

TILKYNNING

Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun og endurheimt votlendis

Leiðbeiningarnar eru unnar í samvinnu við nefnd um endurheimt votlendis

Umhverfisstofnun hefur í samvinnu við nefnd um endurheimt votlendis og Vegagerðina unnið að leiðbeiningum um mat á röskun votlendis vegna framkvæmda og mat á endurheimt votlendis. Leiðbeiningarnar eru viðmiðunarreglur um annars vegar framangreint mat á röskun og endurheimt og hins vegar almennar viðmiðunarreglur um til hvers skuli líta þegar votlendi er endurheimt vegna tiltekinnar framkvæmda. Það sem er skoðað er m.a. flatarmál endurheimts votlendis, gerð votlendisins, hvar það er endurheimt, inneign endurheimts votlendis og hvaða votlendisgerðir þarf að meta sérstaklega o.s.frv.

Mikilvægt er að í viðmiðunarreglunum kemur fram að möguleikinn á að endurheimta votlendi á ekki að stuðla að röskun náttúrulegs votlendis heldur er einungis mótvægisáðgerð ef ekki er hægt að komast hjá því að votlendi sé raskað.

Vegagerðin hefur samþykkt viðmiðunarreglurnar fyrir sitt leyti og verða þær því notaðar sem verklagsreglur ef framkvæmdir á hennar vegum kalla á endurheimt votlendis.

Umhverfisstofnun er full ljóst að það getur verið mjög erfitt að meta endurheimt votlendis og röskun fyrir fjölda votlendisgerða t.d. votlendis við strendur landsins svo sem leira. Það mun því alltaf þurfa að meta ákveðnar votlendisgerðir sérstaklega ef þær falla ekki innan þess sem kemur fram í leiðbeiningunum.

Viðmiðunarreglurnar munu verða endurbættar ef reynslan sýnir að þörf er á því.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson

Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun/endurheimt votlendis vegna vegaf framkvæmda og annarra framkvæmda sem við geta átt

Leiðbeiningarnar eru unnar í samvinnu við nefnd um endurheimt votlendis

Bakgrunnur:

Til grundvallar við gerð eftirfarandi leiðbeininga var notast við niðurstöður rannsókna Hlyns Óskarssonar á Rannsóknastofnun landbúnaðarins (nú LBHÍ), á röskun votlendis út frá vegaf framkvæmdum, sem unnar hafa verið fyrir Vegagerðina. Rannsóknirnar tóku til nokkurra mismunandi votlendissvæða á Norður- og Vesturlandi og niðurstöður sýna að áhrif framkvæmda eru einkum háð votlendisgerð annarsvegar og legu vegstæðis hins vegar. Þá taka leiðbeiningar þessar einnig mið af þekkingu um mismunandi eiginleika og svörun votlendisgerða.

Sumarið 2002 voru misítarlegar útgáfur matsleiðbeininga reyndar á tveimur svæðum (Þverárfjallsleið og Hárekstaðaleið). Ítarlegri útgáfan fólst í því að reikna út stærð raskaðs svæðis fyrir hvert og eitt votlendissvæði fyrir sig. Var þá stærð þess sérstaklega metin og umfang rasks áætlað með hliðsjón af fyrrgreindum rannsóknum. Einfaldari útgáfan byggðist á því að notast við heildarlengd vegar um hvert svæði og margfalda með meðaltalsstuðlum sem byggðir eru á fyrrgreindum rannsóknum. Þar sem báðar útgáfurnar gáfu svipaða niðurstöður var ákveðið að mæla með einfaldari útgáfunni þar sem hún reyndist verulega vinnusparandi. Leiðbeiningarnar eru því settar fram í þessu einfaldara formi til að auðvelda alla notkun á þeim.

Almennt um notkun leiðbeininganna:

Leiðbeiningar hér að neðan eru fyrst og fremst miðaðar við röskun á votlendi vegna vegagerðar. Leiðbeiningarnar má þó nota til viðmiðunar við aðrar framkvæmdir eftir því sem við á.

Oftast er það framkvæmdaraðili sem sér um að láta meta röskun á votlendi. Til dæmis í þeim tilvikum sem endurheimt votlendis hefur verið sett sem skilyrði sem mótvægisáðgerð í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

Til að **meta** endurheimt votlendis má nota þessar leiðbeiningar á sama hátt en í gagnstæða átt ef t.d. um er að ræða að endurheimta votlendi með því að fylla upp í skurði eða loka skurðum í hallamýrum eða flóum. Ef endurheimtin er ekki aðeins bundin við svæði meðfram skurði heldur einnig svæði innan skurða sem lokað er þarf að meta endurheimt hverju sinni miðað við aðstæður. Ef um er að ræða að endurheimta flæðimýrar, sjávarfitjar, eða leirur þarf að meta endurheimt votlendis hverju sinni miðað við aðstæður, sjá lið C.

Leiðbeiningar / reglur um endurheimt votlendis:

Við framkvæmd eftirfarandi reglna skal taka m.a. mið af lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og af alþjóðasamningum sem varða líffræðilega fjölbreytni og verndun votlendis s.s. Ramsarsamningnum.

Umhverfisstofnun telur að við endurheimt votlendis verði að líta til eftirfarandi þátta:

1. að aldrei sé endurheimt minna flatarmál af votlendi en raskað var
2. að leitast sé við að endurheimta svipaða votlendisgerð og tapast sé þess kostur
3. að endurheimt votlendis vegna framkvæmda sé í sama landshluta og framkvæmdin á sér stað, en þó sé litið á hverja framkvæmd fyrir sig, sjá til dæmis svæðaskiptingu Vegagerðarinnar til viðmiðunar
4. að framkvæmdaraðili geti endurheimt meira votlendi en hann hefur verið skildaður til og þannig átt inneign af endurheimtu votlendi, sjá þó lið 2 og 3
5. að „inneign“ framkvæmdaraðila af endurheimtu votlendi verði ekki hvatning til þess að náttúrulegu votlendi sé spillt í næstu framkvæmd
6. að endurheimt votlendis vegna framkvæmda skuli að jafnaði hefjast samtímis framkvæmdum, en þó ekki seinna en innan þriggja ára frá því að þær hófust, skoða skal sérstaklega stærri verkefni m.t.t. inneignar
7. að framkvæmdaraðili haldi skrá yfir votlendi sem raskað var eða endurheimt á hans vegum
8. að endurheimt votlendis sem mótvægisgerð vegna tiltekinnar framkvæmdar sé staðfest af viðkomandi stjórnvaldi
9. að ef ekki næst samkomulag um endurheimt votlendis vegna framkvæmda skal þriggja manna nefnd úrskurða í málinu. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá framkvæmdaraðila einum fulltrúa frá Umhverfisstofnun og einum óháðum aðila með sérþekkingu á sviði „votlendismála“ og bæði framkvæmdaraðili og Umhverfisstofnun samþykkja.

Leiðbeiningar um mat á votlendi sem raskast

- A. Votlendisblettir sem eru 5 ha eða minni teljast allir raskaðir ef vegir eru lagðir um þá. Endurheimt svæði skal því vera ígildi þeirra að flatarmáli. Ef vegaframkvæmd er í jaðri votlendissvæðis skal meta það sérstaklega.

Um stærri votlendi gildir eftirfarandi:

- B. Heildarlengd vegar um viðkomandi votlendi er grunneining matsins (*dæmi: Við aðstæður þar sem 300 metra langur vegkaflí liggur um votlendi er talan 300 notuð sem margfeldistuðull í eftirfarandi reiknireglum*).

B.1 Vegur sker hallamýri (talsverð hreyfing á vatni undan halla, meginrask verður neðan vegar):

- Vegur sker ofan miðju votlendis: raskað svæði er 150 m breitt => heildarlengd vegar er margfölduð með 150 m. (dæmi: 300 m langur vegkaflí liggur efst í hallamýri → $300\text{ m} \times 150\text{ m} = 45.000\text{ m}^2 = 4,5\text{ hektarar}$).
- Vegur sker neðan miðju votlendis: raskað svæði er 75 m breitt => = heildarlengd vegar er margfölduð með 75 m. (dæmi: 300 m langur vegkaflí liggur neðarlega í hallamýri → $300\text{ m} \times 75\text{ m} = 22.500\text{ m}^2 = 2,25\text{ hektarar}$).

B.2 Vegur liggur um flóamýri / dalabotnamýri (svæði þar sem lítil hreyfing er á vatni):

- Raskað svæði er 75 m breitt. Heildarlengd vegar um votlendið er margfölduð með 75 m. (dæmi: 300 m langur vegkaflí liggur um flóamýri → $300\text{ m} \times 75\text{ m} = 22.5000\text{ m}^2 = 2,25\text{ hektarar}$).

C. Vegur liggur um flæðimýri / sjávarfitjar / leirur (svæði þar sem flóða gætir reglulega):

- Stærð raskaðs svæðis er metið hverju sinni eftir aðstæðum. Meginreglan er sú að allt það svæði sem verður fyrir breytingum á vatnafari telst raskað, þ.e. ef, sökum framkvæmda, tekur fyrir reglulega aðkomu vatns á svæðið (t.d. vorflóð, sjávarföll) telst svæðið raskað.

Dæmi til frekari útskýringar:

Við gefna framkvæmd liggur væntanlegur vegur um fjögur votlendissvæði. Vegurinn vindur sig upp hlið þar sem 600 m langur kaflí liggur efst í hallamýri og annar 400 m kaflí liggur ofarlega í hallamýri. Vegurinn liggur síðan yfir heiði þar sem 1200 m langur kaflí liggur um flóamýri. Niður af heiðinni liggur síðan vegurinn um hallamýri þar sem um 700 m langur kaflí sker mýrina neðarlega.

Í þessu dæmi væri raskið samkvæmt reglunum metið sem eftirfarandi:

$$\begin{aligned}
 600\text{ m} \times 150\text{ m} &= 9,0\text{ hektarar} \\
 400\text{ m} \times 150\text{ m} &= 6,0\text{ hektarar} \\
 1200\text{ m} \times 75\text{ m} &= 9,0\text{ hektarar} \\
 700\text{ m} \times 75\text{ m} &= 5,3\text{ hektarar}
 \end{aligned}$$

$$\text{ALLS} = 29,3\text{ hektarar}$$

Verndarflokkar Vegagerðarinnar

Í námukerfi Vegagerðarinnar er flokkunar-kerfi þar sem lagt er mat á hvar æskilegt er að efnistaka fari fram og hvar ekki. Flokkarnir eru fimm, frá fyrsta flokki með mjög hátt verndargildi og niður í fimmta flokk með mjög lágt verndargildi. Þessi flokkun gefur vísbendingu um hve viðkvæmt fyrirhugað efnistökusvæði er og hversu líklegt er að efnistaka kunni að hafa umhverfisáhrif.

1. flokkur:

Mjög hátt verndargildi

Svæði:

Í þennan flokk falla friðlýstar náttúruminjar, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti eða svæði sem eru friðuð með sérlögum t.d. Þingvellir, Mývatn og Laxá í Mývatnssveit. Undir þennan flokk flokkast einnig vatnsverndarsvæði vatnsbóla, þ.e. brunnsvæði og grannsvæði. Fjörur í kaupstöðum, kaup- túnnum og sjávarþorpum svo langt frá flæðar- máli, að öruggt sé að ekki stafi hætta á landbroti eða öðrum skemmdum af völdum sjávar.

2. flokkur:

Hátt verndargildi

Svæði:

Náttúruminjar aðrar en friðlýstar á náttúruminjaskrá fá þessa einkunn. Í þennan



Úr Eldhrauni.

flokk falla einnig svæði þar sem efnistaka gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir dýralíf, gróðurfar, mannvirki, einstakar jarðmyndanir, fallega náttúru eða stórfenglegt eða sjaldgæft landslag svo sem falleg gil. Aðrar jarðmyndanir flokkast með hátt verndargildi t.d. vegna vísinda og/eða þekkingargildis, fágætis, sögu, fegurðar, mikilúðar og útivistar. Einnig svæði þar sem efnistaka getur haft í för með sér alvarlega röskun á vistkerfum, fornleifum og menningarminjum. Merk kennileiti þ.e. myndanir sem eru áberandi í umhverfinu og eru þekkt í þjóðarvitundinni falla einnig í þennan flokk.

Jarðmyndanir:

Ýmsar jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar svo sem eldvörp, gervigígar og eldhraun. Einnig fágætar jarðmyndanir svo sem malarásar, stuðlaberg og fundarstaðir steingervinga.

Gróðurlendi:

Mýrar og flóar stærri en 3 ha. Svæði vaxin skógi, þéttu birkikjarri, fjölbreyttum og/eða sjaldgæfum gróðri fellur undir þennan flokk.

Ár, vötn og sjór:

Stöðuvötn og tjarnir stærri en 1.000 m², fossar, hverir, sjávarfitjar og leirur. Efnistaka úr árfarvegum og óseyrum veiðiáa og af vatnsbotni og vatnsbakka veiðivatna. Efnistaka af sjávarbotni þar sem lífríki er mikið t.d. uppeldisstöðvar sjávardýra eða þar sem hætta er á að landbrot geti orðið vegna efnistökkunnar. Einnig fjarsvæði vatnsbóla.

3. flokkur:

Meðal verndargildi

Jarðmyndanir:

Jarðmyndanir sem hafa lágt verndargildi en eru áberandi frá fjölförnum svæðum. Einnig landslagsheildir þar sem efnistaka hefur veruleg áhrif á heildarásýnd svæðis. Dæmi eru skriðuset og aurkeilur sem eru mjög algengar jarðmyndanir og tiltölulega efnis-

miklar og njóta því engrar sérstakrar verndar. Sár í slíkum jarðmyndunum eru þó oft áberandi þar sem þær teygja sig upp í fjallshlíðar. Einnig jaðarhjallar, árhjallar og malarhjallar þar sem efnistaka skapar áberandi sár.

Gróður:

Svæði vaxin víðiflesjum og fjölbreyttum gróðri.

Ár og sjór:

Ár sem hafa takmarkaða silungsveiði og hafsbötn innan netlaga og/eða með fjölbreytt dýralíf.

4. flokkur:

Lágt verndargildi

Jarðmyndanir:

Í þennan flokk falla jarðmyndanir eins og jaðarhjallar, aurkeilur, skriðuset, strandset og fokset, sem eru ekki sjáanlegar frá vegum eða öðrum fjölförnum svæðum.

Gróður:

Hér fellur einnig undir grasi gróið land, sem hefur enga aðra sérstöðu.

Ár og sjór:

Ár þar sem lítil veiði er og sjávarbotn þar sem er fáskrúðugt lífríki og ekki hætta á landbroti vegna efnistöku.

5. flokkur:

Mjög lágt verndargildi

Jarðmyndanir:

Í þennan flokk falla jarðmyndanir sem njóta engrar sérstakrar verndar og þar sem auðvelt er hylja rask eftir efnistöku. Jökuláaurar og jökulurðir falla hér undir, ef þær eru ekki nálægt fjölförnum svæðum.

Gróður:

Gróðurlaust land, eða land þar sem gróðurþekja er minni en 10% af yfirborði svæðis.

NORÐAUSTURVEGUR Í VOPNAFJARÐARHREPPI


Greinargerð um mögulegar námur

Hafdís Eygló Jónsdóttir



Rannsóknadeild-Þróunarsvið desember 2006

Náma A-0a



Mynd 1. Loftmynd af námu A-0a. Gular línur sýna fyrirhugaða skeringu. Svæði afmarkað með rauðri línu er mögulega útvíkkun vegna efnistöku.

Tafla 1.	Náma A-0a
Jarðmyndun	Klappir, jökulr.
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Brunahvammur
Námurétthafi	Brunahvammur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling/burðarlög
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	8.000+5.000m ²
Vinnslumagn	15.000+20.000m ³
Vinnsludýpi	Allt að 5 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Mólendi
Þekja	90%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	5. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-0a er í landi Brunahvamms milli stöðva 6.950-7.110 við veglínu um Hofsárdal (Mynd 1., tafla 1., teikning 8 1/24). Hér verður töluverð skering í holt sem samanstendur af jökulruðningi og að öllum líkindum klöpp. Holtið er gróið.

Vinnsla og frágangur

Skeringin er um 8.000 m² af stærð og gert er ráð fyrir að um 60-70% skeringarinnar samanstandi af klöpp. Ofaná klöppinni er jökulruðningur og er ekki vitað um þykkt hans, en líklega er um að ræða allt að 2 m þykkun ruðning. Ef klöppin reynist nothæf í burðarlög, þá verður skeringin útvíkkuð í námu, og stækkar um allt af 5.000 m². Náman verður þá unnin niður um 0-5 m, eða sem samsvarar hannaðri skeringu. Gengið verður frá skeringunni með viðeigandi fláum eftir því hvort um er að ræða lausmassa eða klöpp, þannig að hún falli vel að umhverfi sínu. Gert er ráð fyrir að sá í svæðið að frágangi loknum.

Verndargildi

Um er að ræða hefðbundna skeringu, sem verður einungis útvíkkuð um allt að 5.000 m² ef efnið reynist hæft til vinnslu. Þar sem um hefðbundna bergskeringu er að ræða flokkast náman með mjög lágt verndargildi (5. flokkur). Jarðmyndanirnar njóta engrar verndunar.

Náma A-0



Mynd 2. Ljósmynd af námu A-0. Mögulegt efnistökusvæði er afmarkað með rauðri línu (Ljósmynd Gunnar H. Jóhannesson, ágúst 2006).

Tafla 2.	Náma A-0
Jarðmyndun	Áreyrar
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Burðarlög, klæðing
Notað í leið	1 a, 1 c og 2a,
Áfangi	1.áfangi
Flatarmál	14.000 m ²
Vinnslumagn	14.000 m ³
Vinnsludýpi	1 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	2. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-0 er í landi Brunahvamms á ógróinni áreyri hægra megin milli stöðva 7.380-7.640 við veglínu um Hofsárdal. Frá stöð 7.580 þarf að leggja um 100 m langan slóða að námunni. Frá veglínu um Vesturárdal þarf að leggja um 0,3 km langan námuslóða og yrði þá námuvegur samnýttur með námu A-1 (Mynd 2., tafla 2., teikning 8, 1/24). Ekki þarf að aka yfir neina kvísl til að komast að eyrinni en hún liggur fast upp við land. Enginn veiðistaður er í efri hluta Hofsár ofan við Foss en á þessum slóðum er laxaseiðum sleppt.


Vinnsla og frágangur

Náman er um 14.000 m² að flatarmáli og er þar áætlað að taka um 14.000 m³ af efni í efra burðarlag og klæðingu. Ofanafýting er engin. Náman verður unnin þannig að vinnsla fer fram á miðri eyrinni og einungis verður unnið niður á 1 m dýpi. Að efnistöku lokinni skal móta námusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu. Frágangur skal miða að því að bakkar verði brotnir niður og jafnaðir út og verður svæðið ekki grætt upp. Samráð verður haft við viðeigandi aðila sbr. kafla 6.4.5.

Verndargildi

Efnistaka mun ekki fara fram í árfarvegi árinna heldur á gamalli áreyri utan núverandi farvegs Hofsár. Á þessu svæði er mikilvægt seiðauppeldi laxa en allir veiðistaðir eru neðan við Foss, í um 9 km fjarlægð. Farvegi árinna verður ekki raskað og hér verður einungis um skammvinn áhrif að ræða og því ætti náman að lenda í verndargildisflokki 3, þ.e. meðal verndargildi. Þrátt fyrir það þá eru hér uppeldisstöðvar fyrir laxaseiði (ekki náttúrulegar). Náman er því metin með hátt verndargildi, þ.e. í verndargildisflokki 2.

Náma A-1



Mynd 3. Náma A-1. Námusvæði og veglína. Myndin er tekin til austurs (Ljósmynd Gunnar H. J., ágúst 2006).

Tafla 3.	Náma A-1
Jarðmyndun	Árhjalli og áreyri
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Brunahvammur
Námuréttthafi	Brunahvammur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Burðarlög, klæðing?
Notað í leið	1 a, 2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	21.000 + 13.000 m ²
Vinnslumagn	63.000 + 13.000 m ³
Vinnsludýpi	4 m og 1m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Mólendi
Þekja	100% + 0%
Svarðlag	Já og Nei
Sáning	Efri hluti námu
Verndargildi	2. og 3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-1 er tvískipt og er í landi Brunahvamms (Mynd 3., tafla 3., teikning 8 2/24). Efri hluti námunnar er hægra megin milli stöðva 7.860-8.200 við veglínu um Hofsárdal. Frá veglínu um Vesturárdal þarf að leggja um 0,4 km langan námuslóða frá um stöð 8.000.

Efri hluti námunnar er í gróinn árhjalla sem er um 7 m hár. Hlíðar hjallans sem vísa að Hofsánni eru nánast ógrónir. Næst veglínu er þurr farvegur og hefur foksandur sest á það svæði. Neðri hluti námunnar er á áreyri. Næst hjallanum er lægð í eyrina og er töluverður gróður á því svæði. Utan við lægðina er land aðeins hærra og að mestu ógróið.

Vinnsla og frágangur

Náman á árhjallanum er um 21.000 m² að flatarmáli og er þar áætlað að taka um 63.000 m³ af efni í neðra burðarlag. Náman verður unnin niður um allt að 4 m. Talið er að moldarþykktin ofaná mölinni sé á bilinu 0,5-2 m að þykkt. Að efnistöku lokinni skal móta námusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu. Árhjallinn verður ekki unnin niður að farvegi árinna.

Náman á áreyrinni er um 13.000 m² að flatarmáli og er þar áætlað að taka um 13.000 m³ af efni í burðarlög og klæðingu. Ofanafýting er engin. Náman verður unnin þannig að vinnsla fer fram á miðjum eyrum og einungis verður unnið niður á 1 m dýpi. Að efnistöku lokinni skal móta námusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu. Frágangur skal miða að því að bakkar verði brotnir niður og jafnaðir út og verður svæðið ekki grætt upp.

Verndargildi

Efri hluti námunnar er á grónum árhjalla og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Neðri hluti námunnar er á áreyri. Efnistaka mun ekki fara fram í árfarvegi árinna heldur á áreyri Hofsár. Báðir efnistökuastaðirnir ættu því að lenda í meðal verndargildi, þ.e. verndargildisflokk 3. Enginn veiðistaður er í efri hluta Hofsár ofan við Foss en á þessum slóðum er laxaseiðum sleppt. Náman er því metin með hátt til meðal verndargildi, þ.e. í verndargildisflokki 2 og 3. Áreyrin lendir í verndargildisflokki 2.

Náma A-2



Mynd 4. Loftmynd af námu A-2. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 4.	Náma A-2
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	8.000 m ²
Vinnslumagn	16-20.000 m ³
Vinnsludýpi	2,5 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-2a er í landi Tungusels og er í ógróið jökulruðningsholt, hægra megin milli stöðva 9700-9860 (Mynd 4., tafla 4., teikning 7, 1/8). Næst vegi verður minniháttar skering og verður náman unnin út frá henni. Yfirborð holtsins er nokkuð grýtt


Vinnsla og frágangur

Náman verður í framhaldi af skeringu og verður unnin niður um allt að 2,5 m þar sem mest er. Við frágang verður náman sléttuð út og höfð með fláum.

Verndargildi

Jökulruðningur sem jarðmyndun nýtur engar sérstakrar verndar og lendir náman því í verndargildisflokki 4 (lágt verndargildi).

Náma A-2a



Mynd 5. Loftmynd af námu A-2a. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 5.	Náma A-2a
Jarðmyndun	Klökk, jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Burðarlög, klæðing?, fylling
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	10.000 (15.000) m ²
Vinnslumagn	35.000 m ³
Vinnsludýpi	3-6 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið, lyngmói
Þekja	20%
Svarðlag	Minni háttar
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-2a er í landi Tungusels og er í ógróið jökulruðningsholt og klökk við Sauða, ofan við stöð 10.500 (Mynd 5., tafla 5., teikning 7, 1/8). Enginn vegur liggur að námunni og nýr vegur verður um 0,4 km langur.


Vinnsla og frágangur

Náman er í klökk og jökulruðning. Ofaná klökkinni er grýttir jökulruðningsmúgar sem eru ógrónir en inn á milli múganna liggur land lægra og þar er meiri gróður. Klökkin er basalt sem er þétt og virðist vera nokkuð heilleg að sjá. Neðan við klapparlagið er rauðleitt lag. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hve djúpt er hægt að vinna námuna en gert er ráð fyrir að náman verði samtals unnin í um 6 m stáli, þar af verður klapparstálið hátt í 4 m. Efnisgæði klapparinnar eru óþekkt, en reiknað er með ef niðurstöður verði góðar, að námuna verði hægt að nýta í efra burðarlag og klæðingu. Ef svo reynist ekki vera, verður einungis jökulruðningur tekinn á svæðinu. Þá verður náman unnin grynna niður og stækkuð upp í 15.000 m² svæði. Brún holtins verður þar með færð aftar, þ.e. til austurs. Náman verður ekki opnuð í átt að vegi. Við frágang verður námustálið skilið eftir með fláa 3:1. Ofanafýtingu verður haldið til haga og henni dreift yfir námubotninn að lokinni vinnslu.

Verndargildi

Jökulruðningur og hefðbundin basaltklökk sem jarðmyndun nýtur engrar sérstakrar verndar. Þar sem náman er töluvert fyrir ofan veg í svæði sem liggur hærra, verður náman ekki sýnileg frá vegi og lendir því í verndargildisflokknum lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma A-3



Mynd 6. Loftmynd af námu A-3. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 6.	Náma A-3
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fyllingarefni
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	30.000+10.000 m ²
Vinnslumagn	80.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Fellt að umhverfi
Gróðurlendi	Ógróið, mosagróið
Þekja	20%
Svarðlag	Að hluta
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-3 er tvískipt og er í landi Tungusels í ógróin jökulruðningsholt sitthvoru megin við Draugagil milli stöðva 11.140-11.320 (vestan) og milli stöðva 11.680-11.780 (austan) (Mynd 6., tafla 6., teikning 7, 1/8). Náman vestan megin við gilið er í ógróið jökulruðningsholt og verður skering í holtið næst veginum. Yfirborð námunnar er grýttara í austurhluta holtisins og líklegast er styttra niður á klöpp. Umhverfis námuna er gróið land. Utan við Draugagilið er náman sömuleiðis í jökulruðning en yfirborð hans er ekki eins grýtt og sömuleiðis er það mosagróið. Skering verður í holtið næst veglínunni.


Vinnsla og frágangur

Ekki liggur fyrir hve djúpt er hægt að vinna námuna en gert er ráð fyrir að unnið verði í 2-4 m stáli og brún beggja efnistökusvæða verður þar með lækkuð og færst aftar, þ.e. til suðurs. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu.

Verndargildi

Jökulruðningur sem jarðmyndun nýtur engrar sérstakrar verndar. Jökulruðningsholtin lenda því í verndargildisflokki 4. Þrátt fyrir nálægð við veglínuna verður auðvelt að minnka sjónræn áhrif efnistöku.

Náma A-4



Mynd 7. Loftmynd af námu A-4. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 7.	Náma A-4
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	14.000 m ²
Vinnslumagn	28.000 m ³
Vinnsludýpi	1-3 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið að mestu
Þekja	20%
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-4 er í landi Tungusels og er hægra megin við veglínu milli stöðva 12.820-13.020. Náman er í jökulruðningsholt sem er nánast ógróið fyrir utan smá gróður (Mynd 7., tafla 7., teikning 7, 1/8). Náman liggur ofar í landinu en veglínan og þar sem enginn námuvegur liggur að námunni og þarf að gera um 150 m langan veg.


Vinnsla og frágangur

Ekki liggur fyrir hve djúpt er hægt að vinna námuna þar sem klöpp er undir ruðningnum en gert er ráð fyrir að unnið verði í um 2 m stáli. Frágangur námunnar mun miðast við að fella svæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi slétt og samfellt yfirborð. Gert er ráð fyrir að sá í svæðið að frágangi loknum.

Verndargildi

Náman í jökulruðninginn er metin með lágt verndargildi (4. flokkur). Um er að ræða jarðmyndun sem ekki nýtur sérstakrar verndar auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi.

Náma A-5



Mynd 8. Loftmynd af námu A-5. Tveggja metra hæðarlínur.

Tafla 8.	Náma A-5
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	4.000 m ²
Vinnslumagn	12.000 m ³
Vinnsludýpi	0-3 m
Frágangur	Aðlögun
Gróðurlendi	Mosagróið
Þekja	80%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	5. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-5 er í landi Tungusels, í jökulruðningsholt hægra megin milli stöðva 14.640-14.820 (Mynd 8., tafla 8., teikning 7, 2/8). Hér verður skering sem verður útvíkkuð lítillega. Holtið er mosagróið og á yfirborði eru stakir steinar.


Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin niður um 0-3 m, eða sem samsvarar hannaðri skeringu. Fremst í brún holtisins er gert ráð fyrir að stutt sé á klöpp. Gengið verður frá skeringunni þannig að hún falli vel að umhverfi sínu. Gert er ráð fyrir að sá í svæðið að frágangi loknum.

Verndargildi

Mjög lágt verndargildi (5. flokkur). Um er að ræða útvíkkaða skeringu í jökulruðning sem ekki nýtur neinnar verndar. Þó svo að yfirborð sé að mestu mosagróið er auðvelt að ganga frá námunni og fella hana saman við hannaða skeringu.

Náma A-6



Mynd 9. Loftmynd af námu A-6. Tveggja metra hæðarlínur.
Einnig sést náma A-7 fyrir miðri mynd.

Tafla 9.	Náma A-6
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námuréthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	8.000 m ²
Vinnslumagn	20.000 m ³
Vinnsludýpi	Allt að 3 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Mólendi
Þekja	70%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-6 er í landi Tungusels í jökulruðning hægra megin við veglínu milli stöðva 15.240-15.300 og 15.330-15.440 (Mynd 9., Tafla 9., teikning 7, 2/8). Hér verður skering sem verður útvíkkuð í námu. Yfirborð holtsins er nokkuð slétt og stakir steinar eru á yfirborði. Fremst í brúninni eru steinar meira áberandi. Yfirborð er ekki með 100% gróðurþekju og er svarðlag frekar lítið en hér er þó töluvert um mosagróður og smá lyng. Á milli holtanna er lægð og er gróðurþekja þar mun meiri.

Vinnsla og frágangur

Náman verður í framhaldi af skeringu og verður unnin niður um allt að 3 m þar sem mest er. Þar sem nánasta umhverfi er nokkuð gróið verður jarðvegi og svarðlagi jafnað yfir efnistökusvæðið og þannig leitast við að ná upp grenndargróðri þegar landmótun er lokið. Gert er ráð fyrir að sá í svæðið að frágangi loknum. Lægðin á milli holtanna mun ekki raskast.

Verndargildi

Jökulruðningur sem jarðmyndun nýtur engrar sérstakrar verndar og lendir náman því í verndargildisflokki 4 (lágt verndargildi).

Náma A-7



Mynd 10. Náma A-7. Horft til suðurs, rétt við stöð 15.550 (Ljósmynd Helga Aðalgeirsdóttir, júlí 2006).

Tafla 10.	Náma A-7
Jarðmyndun	Klappir
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Burðarlög, klæðing
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	8.000 m ²
Vinnslumagn	48.000 m ³
Vinnsludýpi	6 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Lyngmói, mosagr.
Þekja	70%
Svarðlag	Já
Sáning	Nei
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-7 er í landi Tungusels skammt innan við Fríðá og er í klöpp (Mynd 10. og 11., tafla 10., teikning 7, 2/8). Enginn námuvegur liggur að námunni og þarf því að leggja nýjan námuveg þangað frá stöð 15.500, um 0,2 km langan.

Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin niður um 6 m, og sprengja verður klöppina. Við efnistökuastaðinn er lækur en vatnsmagnið í honum fer eftir árferði. Einhverjir möguleikar eru þó á því að þvo efnið ef þörf er á. Haug- og vinnslusvæði verður einnig komið fyrir á námusvæðinu. Best er að færa klapparbrúnina til suðvesturs og ekki opna námuna í átt að veglínu. Einnig væri hægt að fara baka til inn í námuna og vinna hana í átt að vegi án þess að hún verði sýnileg frá vegi. Við frágang verða fláar í lausmassa við jaðar námunnar hvergi brattari en 1:2 einnig verður ýtt upp afgangsefni og lausu seti, sem er við námusvæðið, upp að hluta námustálsins.

Verndargildi

Klapparnáman er nálægt veglínunni og verður ekki sýnileg frá veginum þegar ekið verður út dalinn en sést mun meira þegar ekið verður inn dalinn. Þetta fer þó allt eftir því hvernig náman verður unnin. Náman flokkast með meðal verndargildi (3. flokkur).

Náma A-8



Mynd 11. Loftmynd af námu A-8. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 11.	Náma A-8
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	7.000 m ²
Vinnslumagn	15.000-18.000 m ³
Vinnsludýpi	2-3 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Að mestu ógróið
Þekja	20%
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-8 er í landi Tungusels í jökulruðning hægra megin við veg milli stöðva 17.180-17.240 (Mynd 11., tafla 11., teikning 7, 2/8). Yfirborð holtsins er lítið gróið og er ekki grýtt.


Vinnsla og frágangur

Undir jökulruðningnum er klöpp og því er ekki vitað með vissu hve djúpt verður hægt að vinna námuna, en gert er ráð fyrir að dýpi verði hugsanlega um 2-3 m. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu.

Verndargildi

Jarðmyndunin sem slík telst ekkert sérstök. Náman flokkast því í verndargildisflokk 4 (lágt verndargildi).

Náma A-9



Mynd 12. Loftmynd af námu A-9. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 12.	Náma A-9
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	2 b
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	13.000 m ²
Vinnslumagn	26.000 -30.000m ³
Vinnsludýpi	2-3 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Ógróið að mestu
Þekja	20%
Svarðlag	Mjög lítið
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-9 er í landi Tungusels í jökulruðning hægra megin við veg milli stöðva 18.860-19.000 (Mynd 12., tafla 12., teikning 7, 5/8). Yfirborð holtsins er nánast ógróið fyrir utan smá gróður næst veginum. Holtið er lítilsháttar grýtt.


Vinnsla og frágangur

Ekki liggur fyrir hve djúpt er hægt að vinna námuna þar sem klöpp er undir ruðningnum en gert er ráð fyrir að unnið verði í um 2-3 m stáli. Frágangur námunnar mun miðast við að fella svæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi slétt og samfellt yfirborð. Ekki er gert ráð fyrir að sá í svæðið að frágangi loknum.

Verndargildi

Náman í jökulruðningin er metin með lágt verndargildi (4. flokkur). Um er að ræða jarðmyndun sem ekki nýtur sérstakrar verndar auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi.

Náma A-9a



Mynd 13. Loftmynd af námu A-9. Fimm metra hæðarlínur

Tafla 13.	Náma A-9a
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	2 a, 2 b, 2 c
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	30.000 m ²
Vinnslumagn	60.000-90.000m ³
Vinnsludýpi	2-3 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	10%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-9a er í landi Tungusels og er hægra megin við veglínu rétt við stöð 20.350. Náman er í jökulruðningsholt sem er ógróið (Mynd 13., tafla 13., teikning 7, 5/8). Á yfirborði holtsins er töluvert grýtt á kafla. Náman liggur ofar í landinu en veglínán og þar sem enginn námuvegur liggur að námunni og þarf að gera um 270 m langan veg.

Vinnsla og frágangur

Ekki liggur fyrir hve djúpt er hægt að vinna námuna þar sem klöpp er undir jökulruðningnum en gert er ráð fyrir að unnið verði í um 2-3 m stáli. Ef hægt verður að vinna námuna dýpra, mun hún verða dýpkuð og verður þá minna tekið af fyllingarefni úr námu A-10.

Frágangur námunnar mun miðast við að fella svæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi slétt og samfellt yfirborð. Ekki er gert ráð fyrir að sá í svæðið að frágangi loknum.

Verndargildi

Náman telst ekki vera áberandi frá veglínu, auk þess sem hún er í jökulruðningi sem er metinn með lágt verndargildi (4. flokkur). Um er að ræða jarðmyndun sem ekki nýtur sérstakrar verndar auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi.

Náma A-10



Mynd 14. Ljósmynd af námu A-10 og næsta umhverfi. Veglínur fyrir tvo valmöguleika í Hofsárdal eru sýndar (Ljósmynd Gunnar H. Jóhannesson, ágúst 2006).

Tafla 14.	Náma A-10
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Tungusel
Námurétthafi	Tungusel
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Burðarlög, klæðing, fylling
Notað í leið	2 a, 2 b
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	47.000 m ²
Vinnslumagn	100.000 m ³
Vinnsludýpi	1-3 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Fjalldrapamói
Þekja	100%
Svarðlag	Já
Sáning	Nei
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-10 er í landi Tungusels hægra megin milli stöðva 21.250-21.960 í fallega gróinn árhjalla (Mynd 14., tafla 14., teikning 7, 5/8). Yfirborð námunnar er þýft. Setið í hjallanum samanstendur af grófri mól og sandi. Þar ofaná er mold. Leggja þarf um 70-80 m langan námuslóða að námunni. Náman verður einungis notuð fyrir veglínurnar Hofsárdalsleið innan við Steinvarartungu og Hofsárdalsleið Einarstaðamegin.

Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin í 1-3 m dýpi, að meðaltali í 2,5 m dýpi og verður unnin til norðausturs. Minnsta dýpi verður næst veglínunni. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi tiltölulega samfellt yfirborð. Fláar skulu að loknum frágangi hvergi vera brattari en 1:3.


Vinnsla og frágangur

Samtals eru efnistökusvæðið um 47.000 m² að flatarmáli og er þar áætlað að taka um 100.000 m³ af efni í burðarlög, klæðingu og fyllingu. Ef töluvert magn næst úr námu 9 a, þá minnkar magnið í þessari námu. Ofanafýting er talin vera um 1m. Efnisdýptin verður minni næst vegi. Jarðvegi og svarðlagi verður að lokum jafnað yfir efnistökusvæðið og þannig leitast við að ná upp grenndargróðri þegar landmótun er lokið.

Verndargildi

Námusvæðið er gróið og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Námusvæðið er mjög nálægt veginum og í nágrenninu eru fornleifar. Hjallinn er fallega gróinn og sökum gróðurfars flokkast jarðmyndunin því í verndargildisflokk 3 (meðal verndargildi).

Náma A-11



Mynd 15. Loftmynd af námu A-11. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 15.	Náma A-11
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Einarsstaðir
Námurétthafi	Einarsstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Fylling, n-burðarlag
Notað í leið	2 b
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	19.000 m ²
Vinnslumagn	75.000 m ³
Vinnsludýpi	Allt að 5 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Graslendi
Þekja	100%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-11 er í landi Einarsstaða hægra megin milli stöðva 22.680-23.020 (Mynd 15., tafla 15., teikning 7, 5/8) í grasi gróinn árhjalli. Á yfirborði eru einnig skriðukeilur. Hjallinn er hæstur um 6 m. Náman verður í framhaldi af útvíkkaðri skeringu. Námusvæðið er 100 m austan við tóftir.


Vinnsla og frágangur

Náman verður í framhaldi af hannaðri skeringu sem verður fremst í hjallann og verður unnin niður um allt að 5 m þar sem mest er. Hjallabrúnin verður því færð aftar, þ.e. til austurs. Við frágang verða fláar við jaðar námunnar hvergi brattari en 1:2. Nauðsynlegt er að sá í efnistökusvæðið að lokinni efnistöku.

Verndargildi

Námusvæðið er grasi gróið og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Efnistakan verður nokkuð áberandi meðan á framkvæmd stendur en auðvelt er að ganga frá námunni þar sem setið samanstendur af mól og sandi, og hér er sömuleiðis um útvíkkaða skeringu að ræða. Jarðmyndunin flokkast því í verndargildisflokk 4 (lágt verndargildi).

Náma A-12



Mynd 16. Loftmynd af námu A-12. Tveggja metra hæðarlínur.

Tafla 16.	Náma A-12
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Einarsstaðir
Námurétthafi	Einarsstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	N-burðarlag, fylling
Notað í leið	2 b
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	12.000 m ²
Vinnslumagn	45.000m ³
Vinnsludýpi	Allt að 4 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Graslendi
Þekja	50%
Svarðlag	Um helmingur
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-12 er í landi Einarsstaða hægra megin milli stöðva 23.680-24.050 (Mynd 16., tafla 16., teikning 7, 5/8) í árhjalla sem er töluvert gróinn. Í efsta hluta hjallans, sem næstur er hlíðinni, er gróin skriðukeila. Hlíð hjallans er allt að 15 m há og verður lítilsháttar skering í brattasta hluta hjallans að kafla. Enginn námuvegur liggur að námunni og þarf því að leggja um 100 langan slóða frá stöð 24.080. Á ofanverðum hjallanum er jeppaslóði sem einnig er hægt að nýta sem námuveg, en hann þarf að styrkja.

Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin niður um allt að 4 m og verður því yfirborð hjallans lækkað niður sem því nemur. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi tiltölulega samfellt yfirborð og sá í það að lokinni landmótun.

Verndargildi

Verndargildi svæðisins er samkvæmt skilgreiningum Vegagerðarinnar lágt, þ.e. í verndargildisflokki 4 þar sem jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar. Þar sem hjallinn verður ekki færður aftar verður efnistakan ekki eins áberandi meðan á framkvæmd stendur. Auk þess er auðvelt að ganga frá námunni þar sem setið samanstendur af mól og sandi.

Náma A-13



Mynd 17. Staðið ofaná Borgarfjalli og horft í SSA í átt að Einarstöðum (Ljósmynd Hafdís Eygló Jónsdóttir, júlí 2006).

Tafla 17.	Náma A-13
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Einarsstaðir
Námurétthafi	Einarsstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	N-burðarl, fylling
Notað í leið	2 b
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	12.000 m ²
Vinnslumagn	65.000 m ³
Vinnsludýpi	5-7 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Graslendi
Þekja	90%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-13 er í landi Einarstaða vinstra megin milli stöðva 25.020-25.300 (Mynd 17., tafla 17., teikning 7, 5/8). Náman er í árhjalla (malarhjalla) ofan við gamla bæjarstæðið á Einarstöðum. Næst hjallanum er tún. Slóði liggur niður að húsunum sem er um 150 m langur frá stöð 25.020. Hjallinn er grasi gróinn framan í og ofan á er gróðurþekja tölverð, en þó minni.

Vinnsla og frágangur

Vinnslustál verður allt að 5-7 m hátt. Fyrirhuguð efnistaka mun felast í því að núverandi hjallabrun verður færð aftar, þ.e. til suðausturs. Að efnistöku lokinni skal móta efnistökusvæðið þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Endanleg landmótun mun fara fram í samráði við landeiganda.

Verndargildi

Námusvæðið telst hafa lágt verndargildi, þ.e. um er að ræða malarhjalla sem ekki njóta verndar auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi. Námusvæðið er því metið með lágt verndargildi (4. flokkur). Meðan á efnistöku stendur verður náman áberandi frá Hofsá, en einungis verður um skammvinn sjónræn áhrif að ræða.

Náma A-14



Mynd 18. Horft yfir námu A-14 í átt að Einarstöðum (Ljósmynd Hafdís Eygló Jónsdóttir, júlí 2006).

Tafla 18.	Náma A-14
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Einarsstaðir
Námurétthafi	Einarsstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Fylling, n-burðarl.
Notað í leið	2 b
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	2.000/4.600 m ²
Vinnslumagn	13.000 m ³
Vinnsludýpi	3 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Mólendi
Þekja	85%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-14 er í landi Einarsstaða, vinstra megin milli stöðva 26.500-26.680 (Mynd 18., tafla 18., teikning 7, 6/8). Náman er í árhjalla og er opin, og hefur verið opnuð í norðausturlutanum. Þar hefur verið tekið efni niður á 2-3m dýpi. Náman er gróin en hlíðar hjallans eru minni grónar. Í smá klauf í hlíð hjallans eru nokkur birkitré. Næst vegi er jarðsími. Námuvegur er frá stöð 26.600 og er hann um 150 m langur niður að núverandi efnistökusvæði. Á brún hjallans eru tvær vörður og verður leitast að þær raskist ekki.


Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin úr þeim hluta þar sem þegar hefur verið tekið efni og inn dalinn í vestur og verður yfirborð hjallans einungis lækkað niður. Gert er ráð fyrir að námustálið verði allt að 3 m djúpt en næst vegi verður dýpi mun minna. Við frágang verða fláar við jaðar námunnar, þ.e. næst vegi, hvergi brattari en 1:2. Jarðvegi og svarðlagi verður að lokum jafnað yfir efnistökusvæðið og þannig leitast við að ná upp grenndargróðri þegar landmótun er lokið. Gróðursvæði sem er framan í hjallanum, þar sem m.a. birkitré eru, verður ekki raskað.

Verndargildi

Námusvæðið telst hafa lágt verndargildi (4. flokkur) þar sem um er að ræða árhjalla sem þegar hefur verið raskað og ekki nýtur neinnar sérstakrar verndar.

Náma A-15



Mynd 19. Loftmynd af námu A-15. Tveggja metra hæðarlínur.

Tafla 19.	Náma A-15
Jarðmyndun	Malarhjalli og jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Þorbrandsstaðir
Námurétthafi	Þorbrandsstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling, n-burðarl.
Notað í leið	2 b
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	9.000 m ²
Vinnslumagn	36-40.000 m ³
Vinnsludýpi	Allt að 3-6 m
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Graslendi, lyngmói
Þekja	90%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-15 er staðsett í landi Þorbrandsstaða, hægra megin milli stöðva 29.470-29.580 (Mynd 19., tafla 19., teikning 7, 6/8). Náman er að hluta til í malarhjalla og hugsanlega í jökulruðning. Yfirborð námunnar er að stórum hluta gróið. Um miðbik svæðisins er loftlína og tvær staurastæður. Í suðurhluta námusvæðisins er vegslóði. Náman er mjög nálægt vegstæði og því þarf ekki sérstaklega að leggja námuveg.

Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin niður á allt að 3-6 m dýpi. Náman verður opnuð í norðausturhlutanum og unninn inn í bakkann. Minnsta dýpi verður næst vegi. Við frágang verða fláar við jaðar námunnar hvergi brattari en 1:2. Landið í kringum námuna er gróið og verður því sáð í námusvæðið.

Verndargildi

Ekki stendur til að lækka hjallann niður, heldur er ætlunin að vinna námuna inn bakkann, í hálfgerðri geil. Námusvæðið er því metið með meðal verndargildi (3. flokkur).

Náma A-16



Mynd 20. Loftmynd af námu A-16. Tveggja metra hæðar-línur. Núverandi efnistökusvæði er merkt inn.

Tafla 20.	Náma A-16
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Þorbrandsstaðir
Námurétthafi	Þorbrandsstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling, n-burðarlag
Notað í leið	2 b
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	9.000 m ²
Vinnslumagn	30.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Ógróið að mestu
Þekja	40%
Svarðlag	Lítið
Sáning	Já
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-16 er í landi Þorbrandsstaða um 0,9 km sunnan við stöð 30.800, og stendur við Sunnudalsveg (Mynd 20., tafla 20., teikning 7, 6/8). Þegar hefur verið tekið efni fremst á svæðinu fast upp við núverandi veg í svokölluðum Þorbrandsstaðasneiðing. Náman hefur ekki verið notuð í nokkur ár en hér var tekið óunnið efni til mölburðar. Stök gróðursvæði eru framan í hjallanum en ofaná er gróður minni. Jarðsímastrengur liggur um námusvæðið.

Vinnsla og frágangur

Náman yrði unnin til suðvesturs frá slóða sem liggur nú þegar inn á svæðið en ekki frá núverandi námuopi. Með þessu móti þarf ekki að opna bakkann út að vegi. Náman yrði unnin í allt að 2-4 m háu stáli og eðlilegast væri að lækka hjallann niður. Fláar til jaðranna yrðu hafðir minni með lítinn halla.

Verndargildi

Ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða og njóta malarhjallar engrar sérstakrar verndar og hafa lágt verndargildi (3. flokkur). Svæðið er áberandi frá vegi en ganga má frá efnistökusvæðinu þannig, að sjónræn áhrif eftir frágang verði lítil.

Náma A-17



Mynd 21. Loftmynd af námu A-17. Núverandi náma sem er frágengin í dag með haugum er rétt ofan við afmarkað svæði (blátt).

Tafla 21.	Náma A-17
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Ný/Gömul
Landeigandi	Hof
Námurétthafi	Hof
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Burðarlög, klæðing
Notað í leið	1 c, 2 b og Millidalaleið
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	7.000/18.000 m ²
Vinnslumagn	54.000 m ³
Vinnsludýpi	3 m
Frágangur	Aðlöggun að umhverfi
Gróðurlendi	Nánast ógróið
Þekja	Nei
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma A-17 er í landi kirkjustaðarins Hofs á Rangármelum. Hún er um 1,8 km frá austurenda Hofsárdalsleiðar Einarstaðamegin, 2,4 km frá Millidalaleið og Hofsárdalsleið Bustarfellsmeigin og um 3 km frá Vesturárdalsleið um Hofsháls (Mynd 21., tafla 21., teikning 7, 6/8). Náman er í strandhjalla. Nú þegar hefur verið tekið efni á sama mel á um 7.000 m² svæði, en norðar og næst núverandi vegi, og er sú náma frágengin en efnishaugar hafa verið skildir eftir til síðari notkunar. Í námunni hefur verið malað efni í klæðingu og eitthvað hefur verið malað í efra-burðarlag. Lagt er til að farið verið sunnan megin við núverandi námusvæði þar sem náman verður meira í hvarfi. Námuvegur liggur í núverandi námu og þaðan liggur slóði sem þarf að styrkja yfir á syðri melinn.

Náman verður einungis nýtt ef að aðrar námur í Hofsárdal sem nýta á í efra burðarlag og klæðingu reynast ekki hæfar.


Vinnsla og frágangur

Efnistökusvæðið er um 18.000 m² og er markmiðið að taka allt að 54.000 m³ af efni. Magnið ræðst hinsvegar af hvaða leið verður valin og því er einungis um hámarks magn að ræða. Efnisdýpt verður í kringum 3 m. Við frágang verða fláar við jaðar námunnar hvergi brattari en 1:2. Náman verður unnin til norðurs og núverandi bakki verður því færður aftur. Náman verður ekki opnuð í átt að núverandi námu né í átt að Norðausturvegi.

Verndargildi

Námusvæðið er ógróið og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Í námuskra Vegagerðarinnar er núverandi náma með meðal verndargildi, þ.e. í 3. flokki, og ástæðan fyrir því er nálægð við núverandi veg. Með því að vera sunnan til á melnum verður náman í hvarfi frá Norðausturvegi en sést frá Sunnudalsvegi sem er sunnan við Hofsá. Sunnudalsvegur er hinsvegar umferðalftill vegur og verða sjónræn áhrif einungis meðan á efnistöku stendur. Námusvæðið er því metið með meðal verndargildi (3. flokkur).

Náma AA-1



Mynd 22. Mynd tekin úr lofti til NA. Skeringin er afmörkuð með gulu, og útvíkkun náma með rauðu (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 22.	Náma AA-1
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Bustarfell
Námuréttshafi	Bustarfell
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Burðarlög, fylling
Notað í leið	2 c
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	27.000 m ²
Vinnslumagn	145.000 m ³
Vinnsludýpi	0-9 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Fjalldrapa- og lyngmói, birki
Þekja	100%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	2.flokkur
Skipulag	Nei

Náma AA-1 er í háan árhjalla í landi Bustarfells (Mynd 22., tafla 22., teikning 7, 5/8), vinstra megin við veglínu á milli stöðva 22.120-22.390. Náman samanstendur af mikilli hannaðri skering, auk útvíkkunar, í algróinn malarhjalla. Veglínan liggur í sneiðing upp bakkann og fer í gegnum þéttan birkiskóg til að byrja með og alveg að stöð 22.140. Þegar upp á hjallann er komið verður vegurinn ýmist á mólendi eða liggur í gegnum birkiskóg. Veiðislóði liggur að hluta til um hjallann. Skeringin og útvíkkun náma eru samtals um 27.000 m² og af þeim eru 7.500 m² með náttúrulegu birkikjarri.

Vinnsla og frágangur

Hjallinn verður lækkaður niður, sem samsvarar hannaðri skeringu, og verður vinnsludýpið á bilinu 0-9 m. Gengið verður frá námunni í samræmi við hannaða skeringu og verður skeringarfláinn ekki brattari en 1:2. Engra eiginlegra námuvega er þörf.

Verndargildi

Námusvæðið telst hafa meðal verndargildi þar sem um er að ræða árhjalla sem ekki nýtur neinnar sérstakrar verndar. Hinsvegar stendur í Náttúruverndarlögum 1999 nr. 44 að Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins skuli vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Þar af leiðandi lendir náman í verndargildisflokki 2, þ.e. háu verndargildi.

Náma AA-2



Mynd 23. Náma AA-2. Myndin er tekin í norður. Bustarfell í bakgrunni. Vinstra megin, ofarlega, sést í Þuríðargil. Í gílinu fundist fyrir nokkrum árum síðan leifar spendýrs í tertíerlögum (Kafli 6.9.) (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 23.	Náma AA-2
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Bustarfell
Námurétthafi	Bustarfell
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	N-burðarlag, fylling
Notað í leið	2 c
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	30.000 m ²
Vinnslumagn	130.000 m ³
Vinnsludýpi	3-6 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Gras
Þekja	50%
Svarðlag	Lítið
Sáning	Já
Verndargildi	4.flokkur
Skipulag	Nei

Náma AA-2 er í árhjalla í landi Bustarfells (Mynd 23., tafla 23., teikning 7, 6/8), hægra megin við veglínu á milli stöðva 25.900-26.150. Að námunni liggur vegslóði frá stöð 26.000 sem veiðimenn hafa notað til að komast niður að Hofsá. Slóðinn niður að námunni er um 520 m langur og þarf að styrkja hann. Sáð hefur verið á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Neðri hluti hlíðar hjallans eru grasi grónar.


Vinnsla og frágangur

Hjallinn verður lækkaður niður, frá núverandi hjallabrún og til norðurs og verður mesta vinnsludýpi um 2,5-4 m. Samfelldur lynggróður er utan við afmarkað efnistökusvæði og verður hann ekki skertur. Við frágang verða fláar við jaðar námunnar hvergi brattari en 1:2 og sáð verður í námuna.

Verndargildi

Námusvæðin telst hafa lágt verndargildi (4. flokkur) þar sem um er að ræða árhjalla sem ekki nýtur neinnar sérstakrar verndar og auðvelt verður að ganga frá efnistökuastaðnum. Náman verður að mestu lítið áberandi frá veginum en sést að hluta frá Hofsá. Hinsvegar verða sjónræn áhrif einungis meðan á efnistöku stendur.

Náma AA-3



Mynd 24. Loftmynd af námu AA-3. Tveggja metra hæðalínur.

Tafla 24.	Náma AA-3
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Bustarfell
Námurétthafi	Bustarfell
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Burðarlög, fylling
Notað í leið	2 c, 2 b? og Millidalaleið
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	12.000 m ²
Vinnslumagn	40.000 m ³
Vinnsludýpi	3-4 m
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Gras
Þekja	30%
Svarðlag	Lítið
Sáning	Já
Verndargildi	3.flokkur
Skipulag	Nei

Náma AA-3 er í árhjalla í landi Bustarfells (Mynd 24., tafla 24., teikning 7, 6/8), hægra megin við veglínu um Bustarfell við stöð 29.200. Að námunni liggur vegslóði frá Hofsárdalsleið Bustarfellsmeigin frá stöð 29.220 sem veiðimenn hafa notað til að komast niður að Hofsá. Slóðinn niður að námunni er um 150 m langur og þarf að styrkja hann. Frá Millidalaleið þarf að aka eftir heimreið að Bustarfelli og þaðan inn á vegslóðann, samtals um 450 m. Sáð hefur verið á fyrirhuguðu efnistökusvæði og eru neðri hlutar hlíða hjallans grasi grónar.


Vinnsla og frágangur

Efnistökusvæðið er um 12.000 m² og er markmiðið að taka allt að 30-40.000 m³ af efni í burðarlög og fyllingar. Magnið ræðst hinsvegar af hvaða leið verður valin og því er einungis um hámarks magn að ræða. Efnisdýpt verður um 3-4 m. Við frágang verða fláar við jaðar námunnar hvergi brattari en 1:2. Náman verður unnin til norðurs og núverandi bakki verður því færður aftar. Sáð verður í námuna eftir að landmótun lýkur.

Verndargildi

Náman verður lítið áberandi frá veginum en sést frá heimreiðinni að Einarstöðum, úr Bustarfellsbrekkum þegar ekið er til Vopnafjarðar og sömuleiðis að hluta til frá Hofsá. Hinsvegar verða sjónræn áhrif einungis meðan á efnistöku stendur. Námusvæðin telst hafa meðal verndargildi (3. flokkur). Auðvelt verður að ganga frá efnistökuastaðnum.

Náma B-0



Mynd 25. Náma B-0. Loftmynd sem sýnir staðsetningu námu.

Tafla 25.	Náma B-0
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Fagrakinn
Námurétthafi	Vegagerðin
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a, 2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	10.000+6.000 m ²
Vinnslumagn	18.000 m ³
Vinnsludýpi	3 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-0 er í landi Fögrukinnar í nánast ógróinn árhjalla (Mynd 25, tafla 25, teikning 3). Hér er frágengin náma sem var nýtt þegar vegtengingin frá Háreksstaðaleið í átt að Vopnafirði var gerð á sínum tíma. Náman er í hjalla um 200 m ofan vegar, nærri vegmótum við Hringveginn. Hjallinn er lítið gróinn, uppblásinn með gróðurtorfum að ofanverðu. Rofabarð með þykkum jarðvegi er við jaðar námunnar. Námusvæðið er samtals um 16.000 m² að stærð og þegar hefur verið tekið efni á um 10.000 m² svæði. Ný efnistaka verður því á um 6.000 m² svæði.

Fjarlægð frá upphafskafli að námunni er um 6 km.

Vinnsla og frágangur

Náman verður að jafnaði unnin niður um 3 m og verður náman unnin út frá núverandi námustáli. Áætlað er að taka úr námunni um 18.000 m³ í neðra-burðarlag í um 3 m stáli. Að efnistöku lokinni verður náman jöfnuð, svæðið fláað niður og það aðlagð landinu umhverfis.

Verndargildi

Náman er í árhjalla sem nýtur engrar verndar en er nokkuð áberandi frá Hringvegi þar sem umferð er nokkur. En þar sem auðvelt er að ganga frá efnistökusvæðinu telst hún vera með lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-1



Mynd 26. Náma B-1. Horft í suður. Fremst á myndinni er gamli vegurinn. Núverandi Norðausturvegur er á milli námunnar og Hofsár (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 26.	Náma B-1
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Brunahvammur
Námurétthafi	Vegagerðin
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a, 2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	5+10.000 m ²
Vinnslumagn	40-60.000 m ³
Vinnsludýpi	6 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	5. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-1 er í landi Brunahvamms í ógróið jökulruðningsholt (Mynd 26, tafla 26, teikning 7, 1/8). Náman er staðsett rétt ofan við núverandi Norðausturveg og gamla þjóðveginn. Efnistökusvæðið er í námu sem er að mestu frágengin og var hún nýtt þegar tengingin að Brunahvammshálsi var gerð. Náman hefur ekki verið nýtt síðustu árin. Í námunni er finefnaríkur og fastur jökulruðningur. Námusvæðið er samtals um 15.000 m² að stærð og þegar hefur verið tekið efni á um 5.000 m² svæði. Ný efnistaka verður því á um 10.000 m² svæði.

Til að komast að námunni þarf að aka eftir núverandi vegi og beygja inn á gamla þjóðveginn. Þaðan liggur námuslóði inn í námuna.

Vinnsla og frágangur

Náman verður að jafnaði unnin niður um 6 m og verður náman unnin út frá núverandi námustáli til norðvesturs.

Verndargildi

Náman er í jökulruðning sem nýtur engrar verndar og telst því hafa mjög lágt verndargildi (5. flokkur). Náman er lítið áberandi frá Norðausturvegi.

Náma B-2



Mynd 27. Náma B-2. Myndin er tekin í austurs (Ljósmynd Hafdís Eygló Jónsdóttir, júlí 2006).

Tafla 27.	Náma B-2
Jarðmyndun	Klöpp
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Brunahvammur
Námuréttthafi	Brunahvammur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Burðarlög, klæðing
Notað í leið	1 a, 2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	10.000 m ²
Vinnslumagn	80.000 m ³
Vinnsludýpi	8 m
Frágangur	Flái
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-1 er í landi Brunahvamms norðan við framkvæmdasvæðið, við gamla þjóðveginn (Mynd 27., tafla 27., teikning 7, 1/8). Náman verður í klöpp og hér er um að ræða um 8 m háan klettavegg. Gróðurlaust er ofan á klettunum. Þessi náma verður einungis nýtt ef klöppin telst nothæf og þá verður námu B-3 sleppt. Til að komast að námunni þarf að aka eftir núverandi vegi og beygja inn á gamla þjóðveginn. Þaðan þarf að leggja um 80-100 m langan námuveg.


Vinnsla og frágangur

Við vinnslu námunnar verður klöppin sprengd niður um 8 m eða sem samsvarar hæð klettaveggjarins. Náman verður unnin samsíða klettaveggnum til suðausturs og frambrún hans verður þannig færð innar. Skilið verður við námustálið í sambærilegum halla og nú er, þ.e. 3:1. Ofanafýting verður haldið til haga og henni jafnað yfir námubotn eftir að vinnslu lýkur. Námusvæðið er ógróið. Ekki er gert ráð fyrir sáningu.

Verndargildi

Jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar. Náman er ekki sýnileg frá framkvæmdasvæðinu og sömuleiðis er hún úr alfaraleið. Efnistökusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-3



Mynd 28. Náma B-3. Hægra megin á myndinni er náma B-3. Á myndinni sést einnig náma B-1 og vegir. Myndin er tekin til norðurs (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 28.	Náma B-3
Jarðmyndun	Klöpp
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Brunahvammur
Námurétthafi	Brunahvammur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Burðarlög, klæðing
Notað í leið	1 a, 2 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	8-10.000 m ²
Vinnslumagn	80.000 m ³
Vinnsludýpi	8-10 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-3 er í landi Brunahvamms norðan við framkvæmdasvæðið, við gamla þjóðveginn (Mynd 28., tafla 28., teikning 7, 1/8). Náman verður í klöpp og hér er um að ræða um 8 -10 m háan klettavegg. Námusvæðið er ógróið. Klöppin á þessum stað virðist brota upp í minni stærðir en í námu B-3. Þessi náma verður einungis nýtt ef klöppin telst nothæf og þá verður námu B-2 sleppt. Til að komast að námunni þarf að aka eftir núverandi vegi og beygja inn á gamla þjóðveginn. Þaðan þarf að leggja um 200 m langan námuveg.

Vinnsla og frágangur

Við vinnslu námunnar verður klöppin sprengd niður um 8-10 m eða sem samsvarar hæð klettaveggjarins. Náman verður unnin samsíða klettaveggnum til norðurs og frambrún hans verður þannig færð innar. Skilið verður við námustálið í sambærilegum halla og nú er, þ.e. 3:1. Ekki er gert ráð fyrir sáningu.

Verndargildi

Náman er ekki sýnileg frá framkvæmdasvæðinu og sömuleiðis er hún úr alfaraleið. Efnistökusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-4



Mynd 29. Náma B-4. Myndin er tekin til austurs. Sæluhúsið er á móts við námuna. Fjallið Brunahvammsháls er vinstra megin á myndinni. Í fjarska sést í Kálffell (Ljósmynd Gunnar H. Jóhannesson, ágúst 2006).

Tafla 29.	Náma B-4
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Brunahvammur
Námurétthafi	Vegagerðin
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	6.000/9.000 m ²
Vinnslumagn	40.000 m ³
Vinnsludýpi	3-6 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-4 er í landi Brunahvamms í ógróið jökulruðningsholt (Mynd 29, tafla 29., teikning 7, 1/8). Náman er staðsett fast upp við núverandi Norðausturveg, beint sunnan við sæluhús á Brunahvammshálsi. Efnistökusvæðið er í námu sem hefur ekki verið nýtt síðustu árin. Þarna hefur verið harpað efni úr jökulruðningi sem er mjög fínefnaríkur, harður og ekki stórgrýttur. Í dag er náman frágengin með haugum. Námusvæðið verður því samtals um 15.000 m² að stærð við stækkun en þegar hefur um 6.000 m² af því svæði verið raskað. Ný efnistaka verður því á um 9.000 m² svæði.

Náma B-4 verður einungis nýtt ef efnismagn í námu B-1 reynist of lítið þar sem vegalengd að námunni er um 4 kílómetrar, sem er langt fyrir svona mikið af fyllingarefni.


Vinnsla og frágangur

Náman verður að jafnaði unnin niður um 3-6 m og verður náman unnin til suðurs út frá núverandi námustáli.

Verndargildi

Lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-5



Mynd 30. Loftmynd af námu B-5. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 30.	Náma B-5
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Brunahvammur
Námurétthafi	Brunahvammur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fyllingarefni
Notað í leið	1 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	4.500 m ²
Vinnslumagn	20.000 m ³
Vinnsludýpi	2-5 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Melur
Þekja	30%
Svarðlag	Að hluta
Sáning	Nei
Verndargildi	5. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-5 er í landi Brunahvamms í jökulruðningsholt (Mynd 30., tafla 30., teikning 8, 3/24). Náman er vinstra megin milli stöðva 10.440-10.530 og verður að hluta til framhald af skeringu. Holtið er lítið gróið og er gróður fyrst og fremst í hlíðum jökulruðningsholtsins en minni gróðurþekja er ofan á sjálfu holtinu.


Vinnsla og frágangur

Smá skering er fremst í holtið. Náman verður unnin niður um allt að 2-5 m þar sem mest er. Við frágang verða fláar við jaðar námunnar hvergi brattari en 1:2,5.

Verndargildi

Mjög lágt verndargildi (5. flokkur).

Náma B-6



Mynd 31. Loftmynd af námu B-6. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 31.	Náma B-6
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Brunahvammur
Námurétthafi	Brunahvammur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fyllingarefni
Notað í leið	1 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	8.300 m ²
Vinnslumagn	24.000-30.000 m ³
Vinnsludýpi	2-5 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	30%
Svarðlag	Að hluta
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-6 er í landi Brunahvammis í jökulruðningsholt (Mynd 31., tafla 31., teikning 8, 3/24), hægra megin við stöð 11.200. Holtið er ógróið með nokkuð grýttu yfirborði og er gróður fyrst og fremst í jöðrum þess. Enginn námuslóði liggur að námunni og þar með þarf að útbúa um 70 m langan slóða frá um stöð 11.050.


Vinnsla og frágangur

Æskilegt væri að efnistakan yrði fyrst og fremst frá suðvesturhlutanum og holtið og vestari brún þess lækkuð. Vinnsludýpi námunnar er líklega frá 2 m og niður á 5 m dýpi. Vinnsludýpi mun hinsvegar stýrast af legu undirliggjandi klappar. Þegar efnistöku lýkur verður leitast við að fella fláa námunnar að öröskuðu umhverfi sínu. Gróður sem er fremst austan megin í námunni kemur ekki til að skerðast.

Verndargildi

Náman er ógróin og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða og telst náman því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-7



Mynd 32. Loftmynd af námu B-7. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 32.	Náma B-7
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Brunahvammur
Námurétthafi	Brunahvammur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fyllingarefni
Notað í leið	1 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	10.000 m ²
Vinnslumagn	20.000 m ³
Vinnsludýpi	Um 2 m
Frágangur	Fláar og aðlögun
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei?
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-7 er í landi Brunahvamms í jökulruðningsholt og verður að hluta til framhald af skeringu, vinstra megin milli stöðva 11.580- 11.700 (Mynd 32., tafla 32., teikning 7, 1/8). Holtið er ógróið með stöku grjóti á yfirborði. Engra eiginlegra námuvega er þörf.


Vinnsla og frágangur

Smá skering er fremst í holtið. Náman verður unnin niður um allt að 2 m. Ef hægt verður, verður náman unnin eitthvað dýpra niður, og þá mun flatarmál hennar minnka í samræmi við það. Við frágang verða fláar við jaðar námunnar hvergi brattari en 1:2,5.

Verndargildi

Náman er ógróin og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða og telst náman því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-8



Mynd 33. Náma B-8. Myndin er tekin í norðvestur. Brunahvammsháls í baksýn (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 33.	Náma B-8
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Kálffell, Foss
Námurétthafi	Kálffell, Foss
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	8.000 m ²
Vinnslumagn	25.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-8 er í landi Kálffells og Foss vinstra megin nokkuð utan við veglínu, milli stöðva 12.900-13.180 (Mynd 33., tafla 33., teikning 7, 1/8). Hér er aflangt jökulruðningsholt og er yfirborð þess ógróið. Í nánasta umhverfi holtsins er lyngmóagróður. Yfirborð holtsins er grýtt í suðvesturhlutanum. Enginn námuvegur liggur að námunni og þarf því að leggja um 0,2 km langan námuveg frá stöð 13.040.


Vinnsla og frágangur

Í holtinu er smá skarð og mun námuvegur liggja inn að námu í gegnum skarðið. Náman verður unnin bakatil, þ.e. hún verður ekki opnuð fram að vegi og munu því hlíðar holtsins sem snúa að vegi ekki raskast. Náman verður að jafnaði unnin niður um 2-4 m og brún holtsins verður færð til suðausturs. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu. Nánasta umhverfi námunnar er gróið og því er æskilegt að sá í efnistökusvæðið að lokinni efnistöku.

Verndargildi

Námusvæðið er ógróið og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Námusvæðið mun ekki sjást frá veginum og telst því hafa mjög lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-9



Mynd 34. Loftmynd af námu B-9. Fimm metra hæðarlínur. Efst í horninu vinstra megin sést núverandi Norðausturvegur.

Tafla 34.	Náma B-9
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Brunahvammur
Námurétthafi	Brunahvammur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a
Áfangi	1. áfangi
Flatarmál	Allt að 15.000 m ²
Vinnslumagn	32.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-9 er í landi Brunahvamms vinstra megin við veglínu, milli stöðva 14.600-14.820 (Mynd 34., tafla 34., teikning 7, 2/8). Hér er aflangt jökulruðningsholt og er yfirborð þess ógróið. Í nánasta umhverfi holtsins er nokkur gróður. Enginn námuvegur liggur að námunni og þarf því að leggja um 40 m langan námuveg frá stöð 14.730.


Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin niður á um 2-4 m dýpi en leitast verður við að halda landinu eins flötu og hægt er þannig að ásýnd þess breytist sem minnst. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu.

Verndargildi

Námusvæðið er ógróið og ekki er um sérstakar jarðmyndun að ræða og telst námusvæðið hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-10



Mynd 35. Loftmynd af námu B-10. Fimm metra hæðarlínur. Núverandi Norðausturvegur sést einnig á myndinni.

Tafla 35.	Náma B-10
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Gömul/Ný
Landeigandi	Kálffell og Foss
Námurétthafi	Kálffell og Foss
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a
Áfangi	1. og 2. áfangi
Flatarmál	8.000+3.000 m ²
Vinnslumagn	15.000 +10.000 m ³
Vinnsludýpi	1,5-3,5 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-10 er í landi Kálffells og Foss hægra megin við veglínu, milli stöðva 16.730-17.000 (Mynd 35., tafla 35., teikning 7, 2/8). Náman er í jökulruðningsholt og er yfirborð þess ógróið. Við suður og vesturhluta námunnar eru hinsvegar gróin svæði. Engra námuvega er þörf. Í námunni er jökulruðningur. Áður hefur verið tekið efni við suðvesturhluta námunnar og er þar lítil hálfgröngin náma, sem er fast upp við núverandi veg. Núverandi vegur liggur um holtið.

Tekið verður úr námunni í tveimur áföngum. Í fyrra áfanga verður tekið um 15.000 m³ af efni fyrir 1. áfanga. Umferð verður hleypt á vegkaflann þegar að þeirri vinnu lýkur. Í seinni áfanganum verða um 10.000 m³ af efni teknir til viðbótar úr námunni og mun þá hluti gamla vegarins lenda innan námunnar. Núverandi vegur er á smá holti og með framhalds efnistöku verður komið í veg fyrir að snjór safnist fyrir á veginum.


Vinnsla og frágangur

Holtið verður lækkað niður, um allt að 1,5-3,5 m, og gengið verður frá námunni þannig að hún falli vel að umhverfi sínu. Gengið verður endanlega frá námunni eftir að vinnu við seinni áfangann lýkur. Nokkuð gróið er næst suðurhluta holtsins.

Verndargildi

Þrátt fyrir nálægð við núverandi veg telst námusvæðið hafa lágt verndargildi (4. flokkur), þ.e. um er að ræða jökulruðning sem ekki nýtur sérstakrar verndar auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi.

Náma B-11



Mynd 36. Loftmynd af námu B-11. Náman er afmörkuð blá. Náman sem er afmörkuð með rauðu, er náma B-12. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 36.	Náma B-11
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Kálffell og Foss
Námurétthafi	Kálffell og Foss
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	20.000 m ²
Vinnslumagn	57.000 m ³
Vinnsludýpi	0-3,5 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-11 er í landi Kálffells og Foss hægra megin milli stöðva 19.700-20.160 (Mynd 36., tafla 36., teikning 7, 3/8). Hér liggur veglínan utan í ógrónu holti sem í verður skering. Útvíkka þarf skeringuna tiltölulega mikið svo ekki safnist fyrir snjór á veginum þegar snjóar úr norðvestanátt. Náman er í jökulruðning. Engra námuvega er þörf þar sem um skeringu er að ræða. Efnismagnið í skeringunni er um 7.000 m³ og viðbótin verður 50.000 m³. Skeringasvæðið og viðbótarefnistakan eru um 20.000 m² að stærð.


Vinnsla og frágangur

Náman verður í framhaldi af skeringu og verður unnin niður um allt að 3,5 m þar sem mest er. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu og skeringasvæðum.

Verndargildi

Námusvæðið er ógróið og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Efnistökusvæðið telst því hafa mjög lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-12



Mynd 37. Ljósmynd af námu B-12. Myndin er tekin til SV (Ljósmynd Gunnar H. Jóhannesson, ágúst 2006).

Tafla 37.	Náma B-12
Jarðmyndun	Klöpp, jökulr.
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Kálffell og Foss
Námurétthafi	Kálffell og Foss
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling, burðarlög, klæðing
Notað í leið	1 a
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	13.000 m ²
Vinnslumagn	75.000 m ³
Vinnsludýpi	Um 6-7 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Mosa-lynggróður
Þekja	50%
Svarðlag	Að hluta
Sáning	Nei
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-12 er í landi Kálffells og Foss hægra megin við stöð 20.600 (Mynd 37, tafla 37., teikning 7, 3/8). Hér sést í klöpp á yfirborði sem virðist vera nokkuð þétt og er að mestu hulin lausum jarðlögum. Rétt við námusvæðið er lækur. Mjög líklegt er að hægt verði að vinna klöppina. Ef sá möguleiki verður fyrir hendi mun náma B-14 falla út sem vinnslunáma. Ennfremur er rennandi vatn hér nærri, svo hægt er að þvo efnið sé þess þörf. Náman er rétt við framkvæmdasvæðið og hentar staðsetningin mjög vel fyrir vinnslu á efni. Um helmingur flatarmáls námu er gróinn. Enginn námuvegur liggur að námunni og leggja þarf nýjan námuveg sem verður um 0,2 km langur frá stöð 20.540.


Vinnsla og frágangur

Framan við námusvæðið er forn vatnsrás sem er nokkuð víð og norðan við hana er jökulruðningsholtíð sem náma B-11 verður í. Náman verður því ekki mjög áberandi frá vegi. Náman verður unnin út frá vatnsrásinni og í suður. Óvíst er hinsvegar hversu þykk klöppin er en gera má ráð fyrir því að hún geti verið a.m.k. 6-7 m á þykkt. Sprengja þarf klöppina og gert er ráð fyrir að hún henti til vinnslu í burðarlög. Einnig er talið mjög líklegt að þar sem hugsanlega er lítið af lausum jarðlögum ofan á klöppinni verði einnig hægt að vinna hana í klæðingu. Haug- og vinnslusvæði er hægt að koma fyrir í vatnsrásinni. Námustál verður skilið eftir með fláa 3:1. Við frágang námunnar verður ýtt upp afgangsefni og lausu seti, sem er við námusvæðið, upp að hluta námustálsins.

Verndargildi

Jarðmyndunin sem slík nýtur engrar verndunar. Með því að staðsetja námuna í hvarfi við jökulruðningsholtíð verður náman ekki eins áberandi. Hins vegar verður ekki auðvelt að hylja efnistöku. Náman telst því hafa meðal verndargildi (3. flokkur).

Náma B-13



Tafla 38.	Náma B-13
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Kálffell og Foss
Námurétthafi	Kálffell og Foss
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	10.000 m ²
Vinnslumagn	30.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Melur
Þekja	10%
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Mynd 38. Loftmynd af námu B-13. Fimm metra hæðarlínur.

Náma B-13 er hægra megin milli stöðva 21.400-21.500 í landi Hauksstaða (Mynd 38, tafla 38., teikning 7, 3/8). Hér liggur veglínan utan í nánast ógrónu jökulruðningsholti sem í verður skering, og verður náman unnin út frá skeringunni. Einstaka gróðursvæði finnst þó á yfirborði holtsins.


Vinnsla og frágangur

Náman verður að jafnaði unnin niður um 2-4 m og brún holtsins verður færð aftar, þ.e. til suðurs. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu og að hannaðri skeringu. Nánasta umhverfi námunnar er gróið og því er æskilegt að sá í efnistökusvæðið að lokinni efnistöku.

Verndargildi

Námusvæðið er ógróið og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Auðvelt er að ganga frá námunni auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi. Efnistökusvæðið telst því hafa mjög lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-14



Mynd 39. Loftmynd af námu B-14. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 39.	Náma B-14
Jarðmyndun	Jökulruðningur og klöpp
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námuréttshafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Burðarlög, klæðing, fylling?
Notað í leið	1 a
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	7.000 m ²
Vinnslumagn	75.000?/15.000? m ³
Vinnsludýpi	5-8 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	20%
Svarðlag	Að litlum hluta
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-14 er hægra megin við stöð 22.900 í landi Hauksstaða, nokkuð ofan við veglínu (Mynd 39, tafla 39, teikning 7, 3/8). Rétt við námusvæðið er nokkuð vatnsmikill lækur og þar sést í nokkuð þétta klöpp. Ofaná klöppinni er jökulruðningur. Mjög líklegt er að hægt verði að vinna klöppina. Náman er rétt við framkvæmdasvæðið og hentar staðsetningin mjög vel fyrir vinnslu á efni. Ennfremur er rennandi vatn þar nærri, svo hægt er að þvo efnið sé þess þörf. Ef rannsóknir benda til þess að efnið sé slitsterkt og henti í vinnslu mun náma B-12 falla út sem burðarlags- og klæðingarnáma. Ef náman hentar ekki til vinnslu verður hún nýtt sem fyllingarefnisnáma og mun þá eingöngu um 15.000-20.000 m³ af efni verða tekið úr námunni og hún unnin mun grynna.

Enginn námuvegur liggur að námunni og þarf að leggja um 130 m langan námuveg. Ógróið er innan námusvæðisins en í hlíðum námunnar eru grónir lyngmóar.


Vinnsla og frágangur

Náman er í hjalla sem er ofar í hlíðinni en veglínan. Eðlilegast væri að opna námuna ekki út að veglínu, þ.e. til norðurs. Heldur væri betra að hafa námuopið í norðausturhlutanum. Ekki er vitað með vissu hversu þykk jökulruðningskápan er sem liggur ofan á klöppinni en búast má við allt að 2-3 m. Óvíst er hversu þykk klöppin er en gera má ráð fyrir því að hún geti verið a.m.k. 6-8 m á þykkt. Sprengja þarf klöppina og gert er ráð fyrir að hún henti til vinnslu í burðarlög og jafnvel í klæðingu. Haug- og vinnslusvæði er hægt að koma fyrir á svæðinu. Námustál verður skilið eftir með fláa 3:1. Við frágang námunnar verður ýtt upp afgangsefni og lausu seti, sem er við námusvæðið, upp að hluta námustálsins.

Verndargildi

Jarðmyndunin sem slík nýtur engrar verndunar. Með því að opna námuna ekki fram að veglínu verður hún ekki eins áberandi í landslaginu. Náman telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-15



Mynd 40. Loftmynd af námu B-15. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 40.	Náma B-15
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	17.500 m ²
Vinnslumagn	Um 35.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Lyng-mosagróður
Þekja	60%
Svarðlag	Já
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-15 er í landi Hauksstaða, hægra megin milli stöðva 24.860-24.920. Náman er í jökulruðningshóla og eru grónar lautir á milli þeirra. Undir ruðningnum er klöpp en ekki er vitað með vissu á hvaða dýpi hún er (Mynd 40., tafla 40., teikning 8, 12/24). Yfirborð námunnar er nokkuð gróið. Engra námuvega er þörf.


Vinnsla og frágangur

Hluti námunnar verður í framhaldi af skeringu en ekki liggur fyrir hve djúpt er hægt að vinna námuna en gert er ráð fyrir að náman verði unnin í 2-4 m stáli til suðausturs. Vinnsludýpi verður minnst við jaðrana, þar sem hugsanlega er stutt á klöpp, og einnig þar sem landhæð er lægri. Ennfremur verður efnistakan grynri í grónum lægðum. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi slétt og samfellt yfirborð. Jarðvegi og svarðlagi af gróna svæðinu verður að lokum jafnað yfir efnistökusvæðið og þannig leitast við að ná upp grenndargróðri.

Verndargildi

Efnistökusvæðið er fast upp við veglínuna en jökulruðningur sem slíkur nýtur engrar sérstakrar verndar. Efnistökusvæðið telst hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-16



Mynd 41. Loftmynd af námu B-16. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 41.	Náma B-16
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	3.500 m ²
Vinnslumagn	10.000 m ³
Vinnsludýpi	2,5-3 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Mosagróið
Þekja	75%
Svarðlag	Já/Nei
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-16 er í landi Hauksstaða hægra megin við stöðva 26.340. Náman er í lágt mosagróið jökulruðningsholt (Mynd 41, tafla 41., teikning 8, 13/24). Náman er fast upp við veglínu og því er engra námuvega þörf.


Vinnsla og frágangur

Reiknað er með að náman verði unnin í 2,5-3 m stálhæð í suðaustur en ekki er ljóst hve djúpt er hægt að vinna námuna. Vinnsludýpi verður þó minnst við jaðrana, þar sem hugsanlega er stutt á klöpp. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi slétt og samfellt yfirborð. Jarðvegi og svarðlagi af gróna svæðinu verður að lokum jafnað yfir efnistökusvæðið og sáð í það.

Verndargildi

Náman er nálægt veglínunni og er áberandi frá veginum. Hins vegar er efnistakan í jarðmyndun sem mjög auðvelt er að ganga frá og nýtur engrar verndar. Náman er því metin með lágt verndargildi (4. flokkur), samkvæmt skilgreiningum Vegagerðarinnar.

Náma B-16a



Mynd 42. Loftmynd af námu B-16a. Tvær veglínur eru sýndar á myndinni. Neðri veglínan er Vesturár-dalsleið um Hofsháls. Sú efri er Vesturárdalsleið um Búastaði. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 42.	Náma B-16a
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 a, 1 c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	2.500 m ²
Vinnslumagn	7.500 m ³
Vinnsludýpi	3 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Lyng, mosi
Þekja	50%
Svarðlag	Já/Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-16a er í landi Hauksstaða hægra við stöð 27.500 við Vesturárdalsleið um Búastaði (1 b) í jökulruðningshól (Mynd 42., tafla 42., teikning 8, 14/24). Lækka þarf hólinn svo ekki safnist fyrir snjóar á veginum þegar snjóar úr norðvestanátt/vestnorðvestan átt. Ef veglína Vesturárdalsleið um Hofsháls (1 c) verður fyrir valinu verður náman einnig nýtt. Holtið er bæði lyng- og mosagróið.


Vinnsla og frágangur

Hólinn verður lækkaður niður og verður vinnsludýpi á bilinu 1-4 m, minnst við jaðrana. Gengið verður frá námusvæðinu þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Jarðvegi og svarðlagi af gróna svæðinu verður að lokum jafnað yfir efnistökusvæðið.

Verndargildi

Hólinn er hluti af fleiri jökulruðningshólum á þessu svæði sem mynda nokkuð samstæða heild. Hólabyrpingin er fyrst og fremst norðan við veglínuna og er þessi hól í ysta hlutanum sunnan megin. Með því að fara í efnistöku hér mun heildarásýnd hólanna ekki breytast. Námusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur). Hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi.

Náma B-17



Mynd 43. Loftmynd af námu B-17. Tvær veglínur eru sýndar á myndinni. Neðri veglínan er Vesturárdalsleið um Hofsháls. Sú efri er Vesturárdalsleið um Búastaði. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 43.	Náma B-17
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 b, 1c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	12.000 m ²
Vinnslumagn	30.000 m ³
Vinnsludýpi	2-3 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	10%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-17 er í landi Hauksstaða í jökulruðningsholt. Náman nýtist hvort sem fyrir Vesturárdalsleið um Búastaði (Leið 1b) eða Vesturárdalsleið um Hofsháls (Leið 1c) (Mynd 43., tafla 43., teikning 8, 15/24). Staðsetning námunnar fer alfarið eftir því hvaða veglína verður fyrir valinu. Ef leið 1b verður fyrir valinu þá verður náman (afmörkuð rauð) norðar og neðar á holtinu, nálægt stöðvum 30.300-30.400. Ef leið 1c verður fyrir valinu verður náman (afmörkuð blá) sunnar og ofar. Enginn námuvegur liggur að námunni og þarf því að leggja um 100 m langan slóða frá báðum veglínunum. Yfirborð holtsins er ójafnt og nokkuð grýtt en efst er minna um steina. Gróður er fremst upp við námusvæðið og lítilsháttar gróður er í holtinu, að mestu gras.

Vinnsla og frágangur

Mjög líklegt er að stutt sé á klöpp næst veglínu Vesturárdalsleiðar um Búastaði en að öllum líkindum er efnisþykktin meiri er ofar kemur á holtið. Gert er ráð fyrir að vinna námuna niður um 3 m og verður vinnsludýpi minnst við jaðrana. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi slétt og samfelt yfirborð.

Verndargildi

Jökulruðningur nýtur engrar sérstakrar verndar. Náman er reyndar áberandi frá vegi en auðvelt er að ganga frá holtinu og flokkast því jarðmyndunin í verndargildisflokk 4 (lágt verndargildi).

Náma B-18



Mynd 44. Mynd af námu B-18. Búastaðir í baksýn (Ljósmynd Gunnar H. Jóhannesson, ágúst 2006).

Tafla 44.	Náma B-18
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Búastaðir
Námurétthafi	Búastaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Burðarlög, klæðing?, fylling
Notað í leið	1 a, 1 b, Millidalaleið
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	60.000 m ²
Vinnslumagn	200.000 m ³
Vinnsludýpi	2-6 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Lyngmóar
Þekja	80%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-18 er í landi Búastaða vinstra megin við veg milli stöðva 34.600-35.400 á Vesturárdalsleið um Búastaði (Mynd 44., tafla 44., teikning 8, 18/24). Náman sem er tvískipt er í árhjalla, í tvo bakka sem skaga út sitthvoru megin við sveig í Vesturdalsá. Hjallinn er nokkuð gróinn og liggur vegslóði um hjallann. Setið í hjallanum samanstendur af mól og sandi sem ofan á er moldarlag. Engra eiginlegra námuvega er þörf. Upphaflega stóð til að vera með námuna í mólendinu hægra megin við veg. Landeigendur óskuðu eftir því að efnistaka yrði vinstra megin vegar eins og sýnt er hér.


Vinnsla og frágangur

Árhjallinn verður ekki unnin niður að farvegi árinna. Einnig verður engin efnistaka í sveignum á milli bakkanna. Skilinn verður eftir allt að 1 m hár bakki næst ársléttunni. Náman verður unnin niður um 2-6 m og verður vinnsludýpi minnst við jaðrana og næst vegi. Meðaldýpi verður um 4 m. Náman verður unnin til suðausturs og verður hún ekki opnuð í átt að vegi. Núverandi brún hjallans verður færð aftar. Austan við austasta hluta námunnar er lægð sem í safnast mikið vatn ef þannig árar. Ekki má opna í átt að þeirri lægð. Fremst á svæðinu næst vegi er jarðsími. Við jaðra námunnar næst veglínu yrði námustál skilið eftir með fláa. Þá verður jarðvegi og svarðlagi jafnað yfir til að ná upp grenndargróðri og sáð í námuna. Á milli efnistökusvæðisins og Búastaða verður að ósk landeigenda skilinn eftir hóll sem þar er.

Verndargildi

Þar sem um er að ræða árhjalla sem ekki njóta sérstakrar verndar þá ætti náman að teljast í 4. flokk, þ.e. lágt verndargildi. Hinsvegar er náman fast upp við Vesturdalsá og vegna nálægðar við ána telst hún hafa meðal verndargildi (3. flokkur). Efnistaka mun hinsvegar ekki hafa nein áhrif á seiði eða veiði úr ánni. Efnistakan verður áberandi frá Ytri-Hlíð, en enginn búseta er lengur á bænum. Ganga má frá efnistökusvæðinu þannig, að sjónræn áhrif verði í lágmarki.

Náma B-19



Mynd 45. Loftmynd af námu B-19. Fimm metra hæðarlínur. Ör bendir á borholu við Búastaði.

Tafla 45.	Náma B-19
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Búastaðir
Námuréttthafi	Búastaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Fylling, n-burðarlag
Notað í leið	1 b
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	17.000 m ²
Vinnslumagn	30-50.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Graslendi, lyngmói
Þekja	70%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-19 er í landi Búastaða í strandhjalla (forn strönd) hægra megin við stöðva 36.050-36.360 (Mynd 45. tafla 45., teikning 8, 18/24). Sjálfir melkollarnir hafa verið græddir upp. Einnig eru smá skorningar í hjallann sem mynda smá lægðir og er þéttur gróður í þeim. Náman er nálægt fyrirhugaðri veglínu og þarf því ekki að leggja nema um 50 m langan námuveg.

Vinnsla og frágangur

Vinnslustál verður um 2-4 m hátt. Fyrirhuguð efnistaka mun felast í því að núverandi hjallabrún verður færð aftar, þ.e. til suðausturs. Að efnistöku lokinni skal móta efnistökusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu sínu. Jarðvegi og svarðlagi verður að lokum jafnað yfir efnistökusvæðið og þannig leitast við að ná upp grenndargróðri þegar landmótun er lokið.

Verndargildi

Námusvæðið telst hafa lágt verndargildi þ.e. um er að ræða strandhjalla sem ekki njóta neinnar verndar auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi. Námusvæðið er því metið með lágt verndargildi (4. flokkur). Efnistakan er nokkuð áberandi frá veginum en ganga má frá efnistökusvæðinu þannig, að sjónræn áhrif verði í lágmarki. Þó svo að yfirborð svæðisins sé gróið er auðvelt að ganga frá námunni, sérstaklega þar sem hjallabrúnin yrði færð aftar, þ.e. til suðausturs. Flái núverandi brúnar mun þannig halda sér nokkurn veginn.

Náma B-20



Mynd 46. Ljósmynd af námu B-20. Horft í austur í átt að Krossavíkurfjöllum. Fremst á myndinni sést í vegslóða sem liggur í sneiðing upp á Öskumel (Gunnar H. Jóhannesson, ágúst 2006).

Tafla 46.	Náma B-20
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Ljósstaðir 1 og 2
Námurétthafi	Ljósstaðir 1 og 2
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 b
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	9.500 m ²
Vinnslumagn	19.000 m ³
Vinnsludýpi	2 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Sáning, ógróið
Þekja	15%
Svarðlag	Að hluta
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-20 er hægra megin milli stöðva 38.540-38.680 í landi Ljósstaða 1 og 2 (Mynd 46., tafla 46., teikning 8, 19/24). Náman er hægra megin á strandhjalla (forn strönd) sem hefur verið græddur upp.

Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin niður um 2 m. Miðað skal að því að landmótun efnistökusvæðisins falli vel að umhverfi sínu við frágang. Að efnistöku lokinni verður námusvæðið jafnað út þannig að það falli vel að öröskuðu umhverfi sínu. Svæðið, og nánasta umhverfi er gróið og því er æskilegt að sá í efnistökusvæðið að lokinni efnistöku.

Verndargildi

Námusvæðið telst hafa lágt verndargildi þ.e. um er að ræða strandhjalla en þeir njóta ekki neinnar verndar. Hjallinn er ekki vel afmarkaður og ekki stór og mikilfenglegur eins og Öskumelur (sjá námu B-20a). Námusvæðið er því metið með lágt verndargildi (4. flokkur). Efnistakan er nokkuð áberandi frá veginum en námuna á einungis að vinna grunnt þannig að ganga má frá efnistökusvæðinu þannig, að sjónræn áhrif verði í lágmarki.

Náma B-20a



Mynd 47. Náma B-20a. Myndin er tekin til austurs (Ljósmynd Gunnar H. Jóhannesson, ágúst 2006).

Tafla 47.	Náma B-20a
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Ljótsstaðir 1 og 2
Námuréttshafi	Ljótsstaðir 1 og 2
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 b
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	7.600 m ² /8.000 m ²
Vinnslumagn	20.000 m ³
Vinnsludýpi	2,5 m
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Sáning, ógróið
Þekja	15%
Svarðlag	Að hluta
Sáning	Já
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-20a er í landi Ljótsstaða 1 og 2, í strandhjalla sem nefnist Öskumelur (Mynd 47., tafla 47, teikning 8, 19/24). Ofaná melnum eru margar gryfjur og hafa þar verið opnaðir fjórir frekar óskipulagðir efnistökuastaðir. Fyrr á árum var tekin steypumöl fyrir Vopnafjörð úr melnum. Einnig hafa námueigendur tekið eitthvað efni úr honum. Yfirborð melsins er lítið gróið en meiri gróður eru í hlíðum. Slóði liggur frá veglínu vinstra megin frá stöð 37.730 og þarf að aka um 500 m að námunum. Slóðann þarf að styrkja. Þegar hefur um 7.600 m² svæði verið raskað og eru námusvæðin misdjúp. Fremst í Öskumel er náma sem er í notkun. Hún verður ekki notuð við þessa framkvæmd.

Náman verður einungis notuð ef að náma B-20 reynist ekki hæf eða gefi of lítið.


Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin niður um 2,5 m. Miðað skal að því að landmótun efnistökusvæðisins falli vel að umhverfi sínu við frágang. Svæðið, og nánasta umhverfi er gróið og því er æskilegt að sá í efnistökusvæðið að lokinni efnistöku. Ef efnistaka verður ákveðin á þessu svæði, er nauðsynlegt að ganga frá gömlum námum samhliða frágangi á námunni.

Verndargildi

Hér er um strandhjalla að ræða en þeir njóta ekki neinnar verndar. Hjallinn er hinsvegar stór og mikilfenglegur í landslaginu, og sker sig töluvert úr nánasta umhverfi, sérstaklega þegar horft er á hann frá núverandi vegi. Námusvæðið er því metið með meðal verndargildi (3. flokkur). Hafa verður þó í huga að hér hefur verið tekið efni áður og eru efnistökuastaðirnir algjörlega ófrágengnir.

Náma B-21



Mynd 48. Ljósmynd af námu B-21. Núverandi námubotn er afmarkaður með bláu (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 48.	Náma B-21
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Ljósstaðir 1 og 2
Námurétthafi	Ljósstaðir 1 og 2/Aðrir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 b
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	7.000/1.700 m ²
Vinnslumagn	10.000 m ³
Vinnsludýpi	1,5-4 m
Frágangur	Fláar og sléttað
Gróðurlendi	Ógróið, gras
Þekja	0%
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-21 er í landi Ljósstaða 1 og 2 í svokallaðan Stakhól (Mynd 48., tafla 48., teikning 8, 20/24). Hér er gömul náma í strandhjalla sem er lítið gróinn. Efnið í námunni er mjög sandríkt og hér hefur verið tekin steypumöl. Núverandi svæði sem þegar hefur verið raskað er um 7.000 m² að stærð og nýtt efnistökusvæði er um 1.700 m². Samtals verður náman um 8.700 m² að stærð. Náman er rétt neðan við Vesturárdalsveg, sem mun nýtast sem námuvegur. Aka þarf um 900 m að námu frá stöð 40.460.


Vinnsla og frágangur

Núverandi námubotn yrði lækkaður niður um allt að 1,0 m og síðan yrði framhaldsnáman unnin til austurs út frá núverandi námubotni, í allt að 3 m dýpi. Við jaðra námunnar í austurhlutanum yrði gengið frá með fláum en annað svæði yrði sléttað. Nauðsynlegt er að sá í efnistökusvæðið eftir að efnistöku og landmótun lýkur. Til norðvesturs er bakki sem hefur ekki verið opnaður fram og verður honum ekki raskað.

Verndargildi

Strandhjallar sem slíkir eru ekki friðaðir. Stakhóll er ekki eins mikilfenglegur og Öskumelur (náma B-20a). Samt sem áður er hann mjög áberandi landform á svæðinu. Nú þegar hefur um 7.000 m² svæði á Stakhól verið raskað vegna efnistöku og nemur viðbótarsvæðið aðeins um 1.700 m². Mjög auðvelt er að ganga frá námunni sökum þess hvernig efni er í jarðmynduninni, þ.e. sandur og fínefnarík mól. Námusvæðið er því metið með lágt verndargildi (4. flokkur). Eðlilegast væri að þegar að efnistöku lyki yrði námunni endanlega lokað.

Náma B-22



Mynd 49. Náma B-22. Myndin er tekin til suðausturs (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 49.	Náma B-22
Jarðmyndun	Árhjalli
Staða efnistöku	Gömul/Ný
Landeigandi	Ljósstaðir 1 og 2
Námurétthafi	Vegagerðin/ Ljósstaðir 1 og 2
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 b
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	10.2+13.2 m ²
Vinnslumagn	40.000 m ³
Vinnsludýpi	1 m og 2 m
Frágangur	Fláar og sléttað
Gróðurlendi	Mólendi
Þekja	60%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-22 er í landi Ljósstaða 1 og 2 (Mynd 49., tafla 49., teikning 8, 21/24). Náman er í fornt strandset (strandhjalla) og skiptist í tvo hluta. Stærri náman er gömul náma sem notuð var af Vegagerðinni fyrir mörgum árum síðan. Í dag er sú náma hálffrágengin og hefur staðið ónotuð í mörg ár. Minni náman (ný partur efnistökkunnar) er í hól suðvestan við stærri námuna. Námuvegur að stærri námunni er um 0,4 km langur. Enginn námuvegur liggur að minni námunni og þarf því að gera um 60 m langan slóða frá stærri námunni að þeirri minni.

Efnið í námunni er samanstendur af sandi og þunnum siltarlögum. Núverandi svæði sem þegar hefur verið raskað er um 10.200 m² að stærð og nýtt efnistökusvæði er um 13.200 m². Samtals verður náman því um 23.000 m² að stærð.

Vinnsla og frágangur

Núverandi námubotn í gömlu námunni yrði lækkaður niður um allt að 1 m og síðan yrði framhaldsnáman unnin til suðausturs út frá núverandi námubotni, í allt að 2 m dýpi. Við jaðra námunnar í suðurhlutanum yrði gengið frá með fláum en annað svæði yrði sléttað. Nauðsynlegt er að sá í efnistökusvæðið eftir að efnistöku og landmótun lýkur. Ekki er æskilegt að opna svæðið í átt að Vesturárdalsvegi. Þar sem minni náman er fyrirhuguð, verður hóllinn fjarlægður og sléttaður.

Verndargildi

Hér er um mjög lítinn og tætingslegan hjalla að ræða sem er rofinn af lækjarfarvegum og hefur þegar að stórum hluta verið raskað. Hjallinn er ekki áberandi í landslaginu. Nú þegar hefur um 10.200 m² svæði verið raskað vegna efnistöku og nemur viðbótarsvæðið um 13.200 m². Í dag er náman ekki áberandi frá vegi en sést hinsvegar frá Ljósstöðum. Mjög auðvelt er að ganga frá námunni sökum þess hvernig efni er í jarðmynduninni. Námusvæðið er því metið með lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-23



Mynd 50. Ljósmynd af Torfastaðanámu, námu B-23. Myndin er tekin í norðvestur (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 50.	Náma B-23
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Vopnafjarðar-hreppur
Námuréttshafi	Vopnafjarðarhr./Vg.
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	N-burðarlag, fylling
Notað í leið	1 b
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	13.000/6.000 m ²
Vinnslumagn	30.000 m ³
Vinnsludýpi	8 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Gras, ógróið
Þekja	
Svarðlag	Að hluta
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma B-23 er í landi Torfastaða (Mynd 50., tafla 50., teikning 7, 8/8). Hér er gömul náma í malarhjalla. Neðri hluti námunnar er frágengin og hefur verið sáð í svæðið. Í dag er opið í efri hluta námunnar og er stálhæðin um 8-9 m. Núverandi svæði sem þegar hefur verið raskað er um 13.000 m² að stærð og nýtt efnistökusvæði er um 6.000 m². Samtals verður náman um 19.000 m² að stærð. Efnið í námunni samanstendur af lagskiptum sandi, sandsteini og mól og er frekar sandrík. Úr námunni hefur meðal annars verið tekið efni í neðra burðarlag. Til að komast að námu þarf að aka um 1,5 km að námu frá stöð 44.100.

Vinnsla og frágangur

Náman yrði unnin til suðvestur út frá núverandi efnistökusvæði, í allt að 8 m efnisþykkt. Náman er ógróin en fremst á fyrirhuguðu efnistökusvæði er gróið belt. Nauðsynlegt er að sá í efnistökusvæðið eftir að efnistöku og landmótun lýkur.

Verndargildi

Í námuskra Vegagerðarinnar er náman skráð með lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma B-24



Mynd 51. Ljósmynd af námu B-24. Horft í vestur yfir Skógarlón (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 51.	Náma B-24
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Fremri-Nýpur
Námuréttshafi	Fremri-Nýpur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	N-burðarlag
Notað í leið	1 b
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	14.000/4.000 m ²
Vinnslumagn	25.000 m ³
Vinnsludýpi	5-8 m
Frágangur	Í samráði við landeiganda
Gróðurlendi	Mólendi
Þekja	100%
Svarðlag	Já
Sáning	Nei?
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	Já

Náma B-24 er í landi Fremri-Nýpa rétt við Straumseyri og er í strandhjalla (Mynd 51., tafla 51., teikning 7, 8/8). Hér er opin náma sem er í notkun og hefur landeigandi selt efni úr námunni. Núverandi svæði sem þegar hefur verið raskað er um 14.000 m² að stærð og nýtt efnistökusvæði er um 4.000 m². Samtals verður náman þá um 18.000 m² að stærð. Til að komast að námunni þarf að aka um 2,5 km eftir Norðausturvegi.

Vinnsla og frágangur

Vinnslustál námunnar verður allt að 5-8 m hátt. Fyrirhuguð efnistaka mun felast í því að núverandi námustál verður unnið aftar, þ.e. til vesturs. Lögð verður áhersla á að verktaki gangi snyrtilega um námuna og svæðið umhverfis hana og skilji við stálið og námubotn þannig að auðvelt sé að halda vinnslu áfram síðar nema að óskað verði eftir frágangi. Verður sú ákvörðun tekin í samráði við landeiganda. Nauðsynlegt er jarðvegi og svarðlagi verði jafnað út sem fyrst eftir að efnistöku lýkur til að ná upp grenndargróðri.

Verndargildi

Náman er í strandhjalla. Efnid í hjallanum samanstendur af seti sem áin hefur borið með sér og fyllt upp í þennan fyrrum fjörð. Malarhjallar sem slíkir eru ekki friðaðir og teljast ekki sérstæðir. Hinsvegar er efnistakan á þessum stað mjög áberandi þegar ekið er frá Vopnafirði í átt að lóninu. Farið hefur verið inn í hluta hjallans, þ.e. hjallabrúnin hefur ekki verið öll færð aftar, heldur gerð hola inn í heildarbakkann. Töluverð efnistaka hefur farið fram í námunni í gegnum árin. Sökum þess hve áberandi náman er, telst hún hafa meðal verndargildi, 3. flokkur.

Náma B-25



Mynd 52. Loftmynd af námu B-25. Bláa afmarkaða svæðið sýnir núverandi stöðu námu.

Tafla 52.	Náma B-25
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Ytri-Nýpur II
Námuréttthafi	Ytri-Nýpur II
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	N-burðarlag
Notað í leið	1 b
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	9.500/2.000 m ²
Vinnslumagn	10.000 m ³
Vinnsludýpi	4-5 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Gras
Þekja	80%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Já

Náma B-25 er í landi Ytri-Nýpa rétt við Straumseyri og er í strandhjalla (Mynd 52., tafla 52., teikning 2). Hér er opin náma sem er í notkun og hefur landeigandi selt efni úr námunni. Náman er á fyrirhuguðu skipulagi sem er í vinnslu fyrir sveitarfélagið. Núverandi svæði sem þegar hefur verið raskað er um 9.500 m² að stærð og nýtt efnistökusvæði er um 2.000 m². Samtals verður náman þá um 12.000 m² að stærð. Námustál er um 4-5 m. Til að komast að námunni þarf að aka um 4 km eftir Norðausturvegi og þaðan eftir námuvegi, um 0,2 km.


Vinnsla og frágangur

Vinnslustál núverandi námu er á bilinu 2-4 m. Efnið í henni samanstendur af lagskiptum sandi og mól og er vonast til að efnið henti í neðra-burðarlag. Fyrirhuguð efnistaka mun felast í því að núverandi námustál verður unnið aftar. Lögð verður áhersla á að verktaki gangi snyrtilega um námuna og svæðið umhverfis hana og skilji við stálið og námubotn þannig að auðvelt sé að halda vinnslu áfram síðar.

Verndargildi

Hér er um strandhjalla að ræða sem ekki njóta neinnar verndar. Sömuleiðis er náman lítið áberandi frá Norðausturvegi. Námusvæðið er því metið með lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma C-1



Mynd 53. Loftmynd af námu C-1. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 53.	Náma C-1
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	3.300 m ²
Vinnslumagn	8.500-10.000 m ³ ,
Vinnsludýpi	Líklegast 2,5 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Mosagróið
Þekja	50%
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma C-1 er í landi Hauksstaða milli stöðva 28.080-28.280 (Mynd 53., tafla 53., teikning 8, 14/24). Enginn námuvegur liggur að námunni og þarf því að leggja um 100 m langan slóða frá stöð 28.200. Náman er í lágt og afmarkað jökulruðningsholt sem er mosagróið með smá lyngi.


Vinnsla og frágangur

Ljóst er að einhversstaðar undir ruðningnum er klöpp en á þessu stigi er ómögulegt að segja á hvaða dýpi hún er. Fastlega er gert ráð fyrir að styttra sé niður á klöpp í norðurhluta námunnar og má því búast við að vinnsludýpi verði minnst þar. Vonast er til að ná fyllingarefni niður á allt að 2,5 m dýpi. Ef hægt verður að fara dýpra verður náman unnin niður á það dýpi. Við frágang verður holtið sléttað út. Þar sem náman og nánasta umhverfi er gróið verður sáð í efnistökusvæðið þegar landmótun er lokið.

Verndargildi

Jökulruðningur sem slíkur nýtur enngar sérstakrar verndar. Efnistökusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma C-2



Mynd 54. Loftmynd af námu C-2. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 54.	Náma C-2
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	5.500 m ²
Vinnslumagn	A.m.k. 10.000m ³
Vinnsludýpi	2-4
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Mosagróið
Þekja	50%
Svarðlag	Nei
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma C-2 er í landi Hauksstaða vinstra megin neðan við stöðvar 29.200-29.360 (Mynd 54., tafla 54., teikning 8, 15/24). Náman er í tvö jökulruðningsholt sem eru mosagróin.


Vinnsla og frágangur

Náman er í tvö holt og er lægra svæði á milli þeirra sem er gróið. Náman verður í jökulruðning en ekki er ljóst hversu djúpt er hægt að vinna holtin þar sem nokkuð víst er að klöpp er undir ruðningnum. Þar sem náman og nánasta umhverfi er gróið verður sáð í efnistökusvæðið þegar landmótun er lokið.

Verndargildi

Efnistökusvæðið er fast upp við veglínuna en jökulruðningur sem slíkur nýtur engar sérstakrar verndar. Efnistökusvæðið telst hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma C-3



Mynd 55. Ljósmynd af námu C-3. Myndin er tekin til suðurs. Bustarfell í bakgrunni (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 55.	Náma C-3
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	15.000 m ²
Vinnslumagn	50.000 m ³
Vinnsludýpi	3-5 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Að mestu ógróið
Þekja	25%
Svarðlag	Lítið
Sáning	Já
Verndargildi	3-4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma C-3 er í landi Hauksstaða hægra megin við veg ofan við stöðvar milli stöðva 30.920-31.120 (Mynd 55., tafla 55., teikning 8, 16/24). Náman er í jökulruðningsholt sem er lítillega gróið við jaðrana. Stakir lynggróðursblettir er innan holtsins. Þar sem náman er mjög nálægt vegstæðinu þarf ekki að útbúa sérstakan námuveg.

Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin niður um 3-5 m og verður vinnsludýpi minnst við jaðrana. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu þannig að það myndi samfellu við nærliggjandi umhverfi. Þar sem nánasta umhverfi er gróið, væri æskilegt að sá í námuna að landmótun og frágangi loknum.

Ef hægt er væri æskilegt að vinna námuna bakatil, þ.e. ekki hafa efnistökuþeim megin sem vegurinn er. Náman yrði þá unnin til norðvesturs.

Verndargildi

Efnistaka verður áberandi á þessum stað. Hinsvegar er nokkuð öruggt að við frágang og landmótun verður hægt að líkja eftir núverandi formi holtsins. Ef efnistakan verður til norðvesturs, þ.e. farið verður bakatil í holtið verður efnistakan mun minna áberandi. Jökulruðningur sem slíkur nýtur engrar sérstakrar verndar. Efnistökusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (3-4. flokkur).

Náma C-4



Mynd 56. Loftmynd af námu C-4. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 56.	Náma C-4
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	8.500 m ²
Vinnslumagn	Um 25.000 m ³
Vinnsludýpi	1-4 m
Frágangur	Aðl. að umhverfi
Gróðurlendi	Ógróið
Þekja	25%
Svarðlag	Nánast ekkert
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma C-4 er í landi Hauksstaða. Um er að ræða námu í nánast ógróinn jökulruðningsmel milli stöðva 31.820-32.080 (Mynd 56., tafla 56, teikning 7, 4/8). Í melinn verður skering og verður náman unnin í framhaldi af skeringunni. Stakir gróðurblettir eru á melnum. Engra námuvega er þörf. Rétt við stöð 32.050, rétt utan við veglínu, er varða. Vörðunni verður ekki raskað.


Vinnsla og frágangur

Efnistakan mun fara fram í hannaðri skeringu og áframhaldandi útvíkkun á henni og er á bilinu 1-4 m djúp, meðaldýpt um 2,5 m. Með efnistökuinni yrði melurinn lækkaður niður. Að efnistöku lokinni yrði námustálið formað þannig að það falli vel að óröskuðu svæði sitt hvoru megin við efnistökusvæðið.

Verndargildi

Námusvæðið er að mestu ógróið og ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Auðvelt er að ganga frá námunni auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi. Efnistökusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma C-5



Mynd 57. Ljósmynd af námu C-5. Tekin til suðurs. Hægra megin á myndinni sést í Oddsgil (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 57.	Náma C-5
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	1 c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	17.000 m ²
Vinnslumagn	50.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Mólendi, ógróið
Þekja	30%
Svarðlag	Lítið
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma C-5 er í óskiptu landi Búastaða, Teigs og Hofs. Um er að ræða námu í jökulruðningsmel sem er að stórum hluta ógróinn. Náman er hægra megin við stöð 32.450 (Mynd 57, tafla 57., teikning 7, 4/8). Þaðan liggur jeppaslóði sem hægt er að nýta sem námuveg. Slóðinn að námunni er um 150 m langur og þarf að styrkja. Mosagróður er meira áberandi í jöðrum melsins. Ofaná honum er gróður mun minni en á stöku stað eru lægðir þar sem gróðurhula er meiri. Nánasta umhverfi er töluvert gróið.

Vinnsla og frágangur

Yfirborð melsins verður lækkað niður og sömuleiðis verður brúnin færð aftar. Náman verður unnin að meðaltali niður um 3 metra. Að efnistöku lokinni skal móta efnistökusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu sínu. Gengið verður frá námubrúninni með fláum. Æskilegt er að sá í efnistökusvæðið eftir að landmótun lýkur.

Verndargildi

Ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Auðvelt er að ganga frá námunni auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi. Efnistökusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma C-6



Mynd 58. Ljósmynd af námu C-6. Myndin er tekin til norðurs (Ljósmynd Hörður Geirsson, ágúst 2006).

Tafla 58.	Náma C-6
Jarðmyndun	Jökulruðningur, klappir
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hof
Námurétthafi	Hof
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling, burðarlög, klæðing?
Notað í leið	1 c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	9.000+6.000 m ²
Vinnslumagn	29.000+18.000 m ³
Vinnsludýpi	1-6 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Lyng, mosi, ógróið
Þekja	50%
Svarðlag	Nei
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma C-6 er útvíkkun á bergskeringu og er í landi Hofs vinstra megin við veg milli stöðva 35.260-35.450 (Mynd 58, tafla 58, teikning 8, 11/24). Holtið er lítillega gróið við jaðrana. Engra námuvega er þörf þar sem náman er fast upp við veglínu.


Vinnsla og frágangur

Efnistakan verður sem samsvarar hannaðri skeringu, og verður unnin niður um allt að 6 m þar sem mest er. Við frágang verða fláar í lausmassa við jaðra námunnar hvergi brattari en 1:2 en fláar í klöpp verða 3:1. Gert er ráð fyrir því að bergið henti til vinnslu í burðarlög og klæðingu. Hægt væri að koma fyrir vinnslusvæði fyrir mölun í skeringarhlutanum sem er hægra megin við veglínu. Einhver jökulruðningur er á yfirborði holtsins og mun hann nýtast sem fyllingarefni.

Verndargildi

Jökulruðningur og klöpp sem slík njóta engrar sérstakrar verndar. Náman er nálægt vegstæðinu og verður áberandi frá veginum séð. Um bergskeringu er að ræða sem verður lítillega útvíkkuð í námu og verður einungis skorið vinstra megin vegar. Efnistökusvæðið er álitíð hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma C-7



Mynd 59. Loftmynd af námu C-7. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 59.	Náma C-7
Jarðmyndun	Strandhjalli
Staða efnistöku	Gömul
Landeigandi	Hof
Námurétthafi	Hof
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling, n-burðarl.
Notað í leið	1 c
Áfangi	2. áfangi
Flatarmál	37.000 m ²
Vinnslumagn	110.000 m ³
Vinnsludýpi	3 m
Frágangur	Hálffrágengin
Gróðurlendi	Mólendi, gras,ógróið
Þekja	60%
Svarðlag	Já að hluta
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma C-7 er í landi Hofs. Hér er gömul náma sem er að mestu leyti frágengin. Náman er í malarhjalla, þ.e.strandhjalla. Náman er hægra megin við stöð 36.540. Þaðan liggur slóði í gegnum frágengna námu sem hægt er að nýta sem námuveg (Mynd 59, tafla 59., teikning 8, 11/24). Slóðinn að námunni er um 360 m langur og þarf að styrkja. Mólendi er að hluta til innan námusvæðisins og einnig er komið gras í núverandi námu. Nánasta umhverfi er töluvert gróið.


Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin til norðurs út frá núverandi bakka og brúnin færð aftar. Náman verður unnin að meðaltali niður um 3 metra. Að efnistöku lokinni skal móta efnistökusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu sínu. Gengið verður frá námubrúninni með fláum. Æskilegt er að sá í efnistökusvæðið eftir að landmótun lýkur.

Verndargildi

Ekki er um sérstaka jarðmyndun að ræða. Auðvelt er að ganga frá námunni auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi. Efnistökusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma D-1



Mynd 60. Loftmynd af námu D-1. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 60.	Náma D-1
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	Millidalaleið
Áfangi	
Flatarmál	13.000 m ²
Vinnslumagn	10.000 m ²
Vinnsludýpi	2-3 m
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Mosagr, lyng, ógróið
Þekja	80%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma D-1 er í Hauksstaða. Um er að ræða námu í jökulruðningsmel sem er að stórum hluta mosagróinn (Mynd 60., tafla 60., teikning 8, 16/24). Nánasta umhverfi er einnig töluvert gróið. Þar sem náman er fast upp við veglínu er engra eiginlegra námuvega þörf. Varða er ofarlega á melnum sem verður merkt með veifu til að koma í veg fyrir að hún verði eyðilögð meðan á efnistöku stendur.


Vinnsla og frágangur

Efnistakan mun felast í því að núverandi hjalli verður lækkaður niður um allt að 2-3 m og verður frambrún hans færð innar. Óvíst er með efnisþykktina, þar sem búast má við að klöpp sé undir setinu. Gera má ráð fyrir að hún verði á bilinu 2-4 m. Efnið verður notað í fyllingu. Við frágang námunnar verður námubotninn sléttaður og verða fláarnir hafðir aflíðandi. Skal miða við að námusvæðið falli sem best að umhverfi sínu. Þá verður jarðvegi og svarðlagi jafnað yfir til að ná upp grenndargróðri. Sáð verður í efnistökusvæðið eftir að landmótun lýkur.

Verndargildi

Auðvelt er að ganga frá námunni auk þess sem hægt er að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistöku verði hverfandi. Efnistökusvæðið telst því hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma D-2



Mynd 61. Ljósmynd af námu D-2. Myndin er tekin í suð-vestur.

Tafla 61.	Náma D-2
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Hauksstaðir
Námurétthafi	Hauksstaðir
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	Millidalaleið
Áfangi	
Flatarmál	14.000 m ²
Vinnslumagn	30.000 m ³
Vinnsludýpi	1-3 m
Frágangur	Aðlögun að umhverfi
Gróðurlendi	Ógróið að mestu
Þekja	15%
Svarðlag	Lítið
Sáning	Nei
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma D-2 er í landi Hauksstaða, í nánast ógróinn jökulruðningsmel milli stöðva 1740-2020. Í melinn verður lítil skering og verður náman unnin í framhaldi af skeringunni (Mynd 61., tafla 61., teikning 7, 4/8). Stakir gróðurblettir eru á melnum. Engra námuvega er þörf.


Vinnsla og frágangur

Efnistakan mun fara fram í hannaðri skeringu og áframhaldandi útvíkkun á henni og er á bilinu 1-3 m djúp og verður meðaldýpt um 2,5 m. Með efnistöku verður melurinn lækkaður niður. Að efnistöku lokinni verður námustálið formað þannig að það falli vel að nærliggjandi umhverfi.

Verndargildi

Svæðið hefur lágt verndargildi (4. flokkur) þar sem jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar og gróður er fábreyttur.

Náma D-3



Mynd 62. Loftmynd af námu D-3. Fimm metra hæðarlínur.

Tafla 62.	Náma D-3
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Teigur
Námurétthafi	Teigur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	Millidalaleið
Áfangi	
Flatarmál	14.000 m ²
Vinnslumagn	28.000 m ³
Vinnsludýpi	2-4 m
Frágangur	Fláar
Gróðurlendi	Mosi-lyng
Þekja	90%
Svarðlag	Já
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma D-3 er í landi Teigs hægra megin milli stöðva 3.500-3.700 (Mynd 62., tafla 62., teikning 7, 4/8). Náman er í nokkuð gróið jökulruðningsholt. Á yfirborði er töluvert um stóra steina.


Vinnsla og frágangur

Náman verður unnin til norðausturs og í framhaldi af skeringu. Fyrirhuguð efnistaka mun felast í því að frambrún hjallans verður færð innar, þ.e. tilnorðausturs. Óvíst er um efnisþykkt en líklegast er klöpp undir jökulruðningnum. Gera má hinsvegar ráð fyrir að stálhæðin verði á bilinu 2-4 m. Efnið verður notað í fyllingu. Við frágang námunnar verður námubotninn sléttaður og fláar hafðir aflíðandi. Skal miða við að námusvæðið falli sem best að umhverfi sínu. Þá verður jarðvegi og svarðlagi jafnað yfir til að ná upp grenndargróðri. Sáð verður í efnistökusvæðið eftir að landmótun lýkur.

Verndargildi

Svæðið hefur lágt verndargildi (4. flokkur) þar sem jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar og gróður er fábreyttur.

Náma D-4



Mynd 63. Loftmynd af námu D-4. Fimm metra hæðarlínur

Tafla 63.	Náma D-4
Jarðmyndun	Jökulruðningur
Staða efnistöku	Ný
Landeigandi	Bustarfell
Námurétthafi	Bustarfell
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	Fylling
Notað í leið	Millidalaleið
Áfangi	
Flatarmál	8.000 m ²
Vinnslumagn	16-20.000 m ³
Vinnsludýpi	1-4 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Mosi-lyng, ógróið
Þekja	70%
Svarðlag	Að hluta
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma D-4 er í landi Teigs í jökulruðningsholt. Skering verður í gegnum holtið og verður hún víkkuð út í námu beggja megin (Mynd 63., tafla 63., teikning 7, 4/8). Um er að ræða tvö svæði sitthvoru megin við veg. Sunnan megin er holtið mun lægra og nærri algróið en vinstra megin er hið eiginlega holt sem er minna gróið. Engra námuvega er þörf


Vinnsla og frágangur

Efnistakan verður að stórum hluta sem samsvarar hannaðri skeringu, og verður unnin niður um allt að 4 m þar sem mest er. Ekki er gott að segja hversu þykkur jökulruðningurinn er, en það má búast við einhverri klöpp þar sem er grynnt. Frágangur námunnar mun miðast við að fella efnistökusvæðið að umhverfi sínu og hannaðri skeringu. Þar sem hluti námunnar er töluvert gróinn er nauðsynlegt að jarðvegi og svarðlagi verði jafnað út sem fyrst eftir að efnistöku lýkur til að ná upp grenndargróðri. Sáð verður í námuna að lokinni landmótun.

Verndargildi

Námusvæðið er metið með lágt verndargildi (4. flokkur).

Náma D-5



Mynd 64. Náma D-5. Fimm metra hæðarlínur. Millidalaleið sést vinstra megin á myndinni. Á milli námu og veiðihúss er hinsvegar veglína Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin.

Tafla 64.	Náma D-5
Jarðmyndun	Malarhjalli
Staða efnistöku	Gömul/Ný
Landeigandi	Teigur
Námuréttshafi	Teigur
Sveitarfélag	Vopnafjarðarhr.
Kynnt sveitarfélagi	Nei
Kynnt landeiganda	Nei
Nýting	N-burðarlag, fylling
Notað í leið	Millidalaleið, 2 b, 2 c
Áfangi	
Flatarmál	18.000 m ²
Vinnslumagn	45.000 m ³
Vinnsludýpi	3 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Gras, ógróið
Þekja	20%
Svarðlag	Lítið
Sáning	Já
Verndargildi	4. flokkur
Skipulag	Nei

Náma D-5 er í landi Teigs í malarhjalla (Mynd 64., tafla 64., teikning 8, 10/24). Náman er staðsett fast upp við núverandi Norðausturveg og eru smá gryfjur á yfirborði hjallans hér og þar. Grasslíkja er á yfirborði hjallans en framan í brún hans er meiri gróðurþekja. Náman getur nýst fyrir þrjár mismunandi veglínur: Millidalaleið, Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin og Hofsárdalsleið Einarstaðamegin. Náman er í grennd við enda Millidalaleiðar og Hofsárdalsleiðar um Bustarfell. Til að komast að námunni þarf að aka um 240 m eftir slóða sem liggur að sumarhúsum. Ef Hofsárdalsleið Einarstaðamegin verður valin er náman í um 350 m fjarlægð frá námuvegi.

Annar slóði sem einnig er hægt að nota sem námuslóða er utar á melnum, á móts við veiðihúsið Árhvamm. Ef niðurstöður rannsókna á gæðum efnis í námu AA-3 verða góðar, verður náma D-5 ekki notuð og öfugt.

Vinnsla og frágangur

Fyrirhuguð efnistaka mun felast í því að núverandi hjalli verður lækkaður niður um allt að 3 m. Eftir að efnistöku líkur verður svæðið sléttað, fellt að umhverfi sínu og sáð í það. Ganga má þannig frá námusvæðinu að rask verði í lágmarki.

Verndargildi

Verndargildi svæðisins er samkvæmt skilgreiningum Vegagerðarinnar lágt, þ.e. í verndargildisflokki 4 þar sem jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar. Efnistökusvæðið er mjög nálægt núverandi vegi en sökum efnisgerðar verður auðvelt að ganga frá efnistökusvæðinu.

Tafla 1 Tillaga að hugtökum um vægi áhrifa sem styðjast má við við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar eða áætlunar.

Vægi áhrifa/ Vægiseinkunn	Skýring
Veruleg jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrif geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Veruleg neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.